



SKOÐUN Flest okkar fá þá næringu sem við þurfum úr hefðbundinni fæðu. **13**



MENNING Bettina Enriquez vann í Facebook-leik Jóns Gnarr og fundar með honum á Íslandi. **30**



SPORT Skúli Jón og félagar í Elfsborg byrjuðu undirbúningstímabilið á því að fara á skíði. **26**

BILMAGNARAR PR LAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVEP FERDATÆKI MAGNARAR

RISAÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Heimilistæki
www.ht.is

SJÁ ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

SÚÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
29. janúar 2013
24. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Júlli borinn út

Lögglumenn brutu sér leið inn í verzlunina Drauminn, sem Július Þorbergsson kaupmaður hefur rekið í aldarfjórðung við Rauðarárstíginn. **2**

Hætta á skipulögðum glæpum

Ríki á norðurlöndum verða að vera á varðbergi gagnvart skipulagðri glæpastarfsemi í kjölfar þess að siglingaleiðir opnast, segja norskir og rússneskir embættismenn. **2**

Kveiktu í fornum bókum

Íslamistar kveiktu í bókasafni með merkjum fornritum í hinu sögufrægu borg Timbuktu. **10**

Á leið til Hollands

Knattspyrnumaðurinn Aron Jóhannsson skrifar undir samning við AZ. **26**

SHALDÖR **12**

Bolungarvík	0°	NA	15
Akureyri	0°	NA	9
Egilsstaðir	1°	NA	8
Kirkjubæjarkl.	3°	ANA	4
Reykjavík	2°	ANA	8

Hvassast á Vestfjörðum Í dag verður áfram stíf NA-átt, 10-20 m/s N- og NV-til en hægari vindur annars staðar. Bjart með köflum S-til, annars úrkoma. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Bílar

BÍLAR FÓLK

KLÁRIR KNAPAR BERA HJÁLMI

ÚTSÖLULOK

Slökkvitækjaþjónusta

Reglubundið eftirlit og viðhald slökkvitækja

oryggi.is
Sími 570 2400

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Fullnaðarsigur í Icesave

EFTA-dómstóllinn hafnaði öllum kröfum ESA á hendur Íslandi í Icesave. Forystumenn stjórnarflokka og Sjálfstæðisflokks gagnrýna framgöngu Norðurlandarákja, sem hafi tengt Icesave-samninga við lánafyrirgreiðslu.

ICESAVE EFTA-dómstóllinn hafnaði í gær öllum kröfum ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, á hendur Íslendingum vegna Icesave-reikninganna. Ísland vann því fullnaðarsigur í málinu og telst hvorki hafa brotið innstæðuþryggingu Evrópusambandsins né mismunað innstæðueigendum eftir þjóðerni.

Stjórnmalámmenn fögnuðu niðurstöðunni. Forystumenn ríkisstjórnarinnar gagnrýna þó framgöngu Norðurlandarákja í málinu, en þau gerðu samninga í Icesave-málinu að skilyrði fyrir lánaaðstoð.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra segir þetta hafa tafið endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Það hafi valdið tjóni og tafið vinnuna við efnahagslega endurveisn Íslands. Hann segist þó ekki vilja velja sér upp úr því núna.

„Auðvitað munu menn velja þessu fyrir sér, geri ég ráð fyrir, því þetta fræga mál verður örugglega skoðað heilmikið í bókmenntum framtíðarinnar um samskipti ríkja af þessu tagi. Þá mun það sjást að Ísland var eiginlega sett í skrúfstykki af grannríkjum sínum og jafnvel að hluta til af alþjóðastofnunum. Ég tek það skýrt fram að visu að ég veit að það er ekki við starfsmenn AGS að sakast eða sjóðinn slíkan sem stofnun, heldur var það í stjórn hans þar sem pólitíkin kom að málinu.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tók í sama streng á Alþingi í gær. Íslendingar hefðu staðið einir við þá fullyrðingu að þeir væru ekki fjársvikarar sem hefðu farið í bága við skuldbindingar sínar. „Sá málstaður átti engan hljómgrunn hjá stjórnvöldum í ESB-löndunum, hann átti heldur engan hljómgrunn hjá Norðurlandþjóðunum, sem gerðu lausn málsins að skilyrði þegar leitað var eftir lánafyrirgreiðslu og sama átti við um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar sem stjórnin beitti málinu fyrir sig og frestaði lánafyrirgreiðslu.“

- kóp / sjá síður 4, 6 & 8



FALLIST Í FAÐMA Mikil gleði braust út hjá íslenska lögfræðiteyminu þegar niðurstaða EFTA-dómstólsins var ljós í gær. Tim Ward, aðallögfræðingur Íslands í Icesave-málinu, og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra féllust í faðma í fundarherbergi í utanríkisráðuneytinu þegar ljóst var að sigurinn var í höfn.

Fulltrúi AGS staðfestir að Norðurlandarákinn hafi krafist samninga um Icesave:

Jákvæð áhrif á lánshæfismatið

ICESAVE Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, segir niðurstöðu EFTA-dómstólsins munu hafa jákvæð áhrif á efnahagslega stöðu landsins. Neikvæð niðurstaða hefði aukið skuldir þjóðarbúsins og sú ógn sé nú frá.

„Þetta getur auðveldað ríkisstjórninni aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum og er jákvætt fyrir Ísland þegar kemur að alþjóðlegum viðskiptum.“

Niðurstaðan virðist hafa haft jákvæð áhrif á lánshæfi ríkissjóðs og lækkaði ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf í gær. Rozwadowski segir að niðurstaðan muni hafa jákvæð áhrif en það sé þó ekki hans að spá um hve mikil.

„Niðurstaðan skemmir allavega ekki fyrir. Það er ljóst að áhrifin eru jákvæð en erfitt er að segja um hve mikil þau verða. Tíminn leiðir það í ljós.“

Rozwadowski segir það rétt að endurskoðun efnahagsáætlunar AGS og Íslands hafi tafist vegna þess að Norðurlandarákinn kröfðust fjárhagslegs endurmats.

„Það er ljóst að áhrifin eru jákvæð en erfitt er að segja um hve mikil þau verða. Tíminn leiðir það í ljós.“

Franek Rozwadowski



„Norrænt fjármagn var nauðsynlegt til að halda efnahagsáætluninni saman og Norðurlandarákinn tengdu fjármögnun sína við framvindu samninga um Icesave-deiluna. Það olli nokkrum töfum.“

Hann tekur þó fram að sjálf áætlunin hafi staðist og ekki hafi staðið á fjármagni þrátt fyrir að samningar um Icesave væru ekki í gildi.

- kóp / sjá síður 4, 6 & 8

Lokins fáanleg á ný!

www.forlagid.is
- alvöru bókabúð á netinu

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

Rafmagnsrúm
á verði frá
190.049

Tvívreið heilsurúm á
verði frá **129.360**

ÚTSÖLULOK
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing 16.732

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing 11.497

JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu

Janúartilboð á arineldstæðum
20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Bretar enn ekki brugðist við úrskurðinum: Lágstemmd viðbrögð

Þrátt fyrir að stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi hafi sótt fast að fá endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar við að tryggja innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans hafa viðbrögð við dómi EFTA-dómstólsins verið afar takmörkuð.

Hollendingar sögðu niðurstöðuna vonbrigði og bættu við að áhrif dómsins yrðu metin í framhaldinu. Bresk stjórnvöld höfðu hins vegar enn ekki brugðist sérstaklega við úrskurðinum í gærkvöldi. - Þj

Fjallað um dóminn í erlendum fjölmiðlum: Tíðrætt um sigur Íslands

Fjallað var um niðurstöðu EFTA-dómstólsins í fjölmiðlum víða um heim í gær. Var í fréttum tíðrætt um sigur Íslands og að landið hefði sloppið við að greiða fjölda milljarða króna vegna Icesave-reikninganna.

Í fyrirsögnum á vefsíðum sínum töludu viðskiptablöðin Financial Times og Wall Street Journal um stórsigur Íslendinga og þá sagði New York Times að Ísland hefði unnið sigur í stórmerku dómsmáli.

Danska ríkisútvarpið sagði ríkissjóð Íslands hafa sloppið við að greiða milljarða til Breta og Hollendinga. Þá sagði breska sjónvarpsstöðin Sky að niðurstaða EFTA-dómstólsins staðfesti réttmæti þeirrar ákvörðunar Íslendinga að verða ekki við fjárkröfum Breta og Hollendinga í Icesave-málinu.

Breska blaðið Guardian sagði



STÓRSIGUR ÍSLANDS Financial Times fjallaði ítarlega um dóm EFTA-dómstólsins í gær.


að niðurstaða dómsmálsins hefði komið á óvart og loks sagði hollenska dagblaðið De Telegraaf að Íslendingum bæri engin skylda til að greiða kröfur breskra og hollenskra stjórnvalda. - mþl



FULLNAÐARSIGUR Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gefur niðurstöðuna í Icesave-málinu til kynna með táknaðum hætti nokkrum sekúndum eftir að tilkynnt var um lykktir málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fallist að öllu leyti á málflutning Íslands

EFTA-dómstóllinn hafnaði öllum kröfum ESA í Icesave-málinu. Tilskipun um innstæður náði ekki til kerfishruns af þeirri stærðargráðu sem varð á Íslandi. Færsla á innlendum innstæðum til Landsbankans ekki mismunun á grundvelli þjóðernis.



Þórunn Snær Júlíusson
thorur@frettabladid.is

hafi ekki séð fyrir þá skyldu að tryggja allar innstæður á Icesave-reikningum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi í kerfishruni (e. systematic crisis) af þeirri stærðargráðu sem átti sér stað á Íslandi.

Í niðurstöðunni segir enn fremur að það sé að mestu óskýrt samkvæmt tilskipuninni hvernig eigi að bregðast við þegar tryggingasjóður sé ekki þess burðugur að standa undir greiðslum sem á hann falla. EES-löggjöf gerir reyndar ráð fyrir þeim möguleika að innstæðueigendur geti höfðað mál á hendur því tryggingakerfi sem getur ekki greitt þeim út, í þessu tilfalli TIF. Hún geri hins vegar ekki ráð fyrir að hægt sé að höfða mál á hendur ákveðnu EES-ríki á grundvelli tilskipunarinnar. Því er ljóst að regluverk ESB varðandi innstæðutryggingar var gallað, enda hefur því verið breytt töluvert á undanförunum árum.

Öðrum lið málsins, sem snýr

af því íslensk stjórnvöld hafi mismunað innstæðueigendum á grundvelli þjóðernis, var líka hafnað. Í rökstuðningi segir meðal annars að færslur á innlendum innstæðum úr gamla Landsbankanum og yfir í þann nýja hafi verið framkvæmdar áður en Fjármálaeftirlitið gaf út yfirlýsingu sem virkjaði ákvæði í tilskipuninni sem meinar mismunun. Því hafi innstæðutrygging tilskipunarinnar aldrei átt við um íslenska innstæðueigendur og þar af leiðandi ekki mögulegt að færsla á innstæðum þeirra hafi mismunað á grundvelli þjóðernis.

EFTA-dómstóllinn hafnaði þar af leiðandi öllum kröfum ESA, og framkvæmdastjórnar ESB sem hafði meðalgöngu í málinu. ESA var auk þess gert að greiða allan málskostnað Íslands, þar með talinn kostnað vegna lögfræðingateymis undir stjórn Bretans Tims Ward.

Nýta reynsluna til að hjálpa öðrum



Margrét Tryggvadóttir, þingkona Hreyfingarinnar, sagði á þingi í gær að niðurstaða Icesave-málsins væri fyrst og fremst sigur beins lýðræðis.

„Þetta kennir okkur að við eigum að treysta fólki. Þjóðinni er alveg treystandi til að taka flóknað ákvarðanir, setja sig inn í flókin og erfið mál.“

Hún tók undir með menntamálaráðherra, sem benti á að nú vissum við hvernig það væri þegar öll spjót beindust að þjóð. „Það er ekki þægileg tilfinning en við erum því miður ekki ein um að hafa reynt það. Við urðum skyndilega skuldsett þjóð og vorum í erfiðri stöðu, fengum hvergi fyrirgreiðslu. Margar þjóðir hafa verið í þeirri stöðu áratugum saman. Við skulum ekki gleyma því og við skulum reyna að nýta þessa reynslu til að hjálpa þeim,“ sagði Margrét.

Þetta hefði getað farið á alla vegu



„Þessi tíðindi sem við fengum í morgun eru svokölluð gleðitíðindi og mér finnst ákaflega mikilvægt að missa ekki umræðuna um þau út í of miklar deilur eða sakbendingar heldur einfaldlega kunna að gleðjast. Ég bjó mig undir það versta en vonaði það besta og ég held að flestir Íslendingar hafi upplifað þetta mál þannig. Þetta hefði getað farið á alla vegu. Ég hugsað að þeir sem skrifuðu ræður fyrir þessa umræðu hafi flestir gert tvær útgáfur og séu búnir að henda hinni í ruslið,“ sagði Guðmundur Steingrímsson, þingmaður

utanflokka, á þingi í gær. „Ég held að við verðum öll að viðurkenna það að við vorum öll að hugsa um hagsmuni þjóðarinnar á hverjum tíma.“


Protabú Landsbankans greiðir Icesave

Sigur Íslands í málinu þýðir að protabú Landsbankans mun halda áfram að greiða Icesave-skuldina. Samkvæmt síðasta Icesave-samningi, sem hafnað var í þjóðaratkvæði vorið 2011, hefði vaxtakostnaður Íslands orðið á bilinu 35 til 100 milljarðar króna, samkvæmt sviðsmyndum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið teiknaði upp.

Alls eru forgangskröfur í bú Landsbankann 1.323 milljarðar króna, að mestu vegna Icesave-reikninganna. Búið er að greiða um helming þeirra og slita-stjórn Landsbankans telur virði eigna protabúsins vera um 200 milljörðum krónum meira en sem nemur forgangskröfum.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



LÆGIR Í NÓTT Áfram verður hvasst á norðan- og norðvestanverðu landinu í dag en lægir smám saman. Á morgun léttir heldur til en þó horfur á stöku eljum við norðurströndina. Á fimmtudaginn lítur út fyrir hæglaetisveður en frost um allt land.

Alicante 19°	Berlín 6°	Friedrichshafen 5°	Las Palmas 22°	New York 10°	París 12°
Ápna 13°	Billund 5°	Gautaborg 5°	London 13°	Orlando 26°	San Francisco 14°
Basel 5°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 15°	Ósló 2°	Stokkhólmur 2°

Fimmtudagur
Víða hæg breytileg átt.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



Ertu með verki í baki, öxlum eða hnjám?

Rétt hreyfing getur gert kraftaverk
– vertu með í Stoðkerfislausnum!



Þjálfari er Sólveig María, sjúkrapjálfari.

- Námskeið fyrir þá sem glíma við einkenni frá stoðkerfi.
- Þjálfun, ráðgjöf, kennsla í rétttri líkamsbeitingu og fyrirlestrar.
- Nýtt námskeið hefst 11. febrúar kl. 18:30.



Skráðu þig núna í síma
560 1010 eða á
mottaka@heilsuborg.is

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

**NÝR LOTTÓLEIKUR Á ÍSLANDI
DREGIÐ Á FÖSTUDÖGUM – VERTU MEÐ!**

1.700.000 KR.

POTTURINN Í EUROJACKPOT STEFNIR Í 1,7 MILLJARÐA KRÓNA

Eurojackpot er glænýr lottóleikur þar sem svo sannarlega er til mikils að vinna. Nú gefst Íslendingum kostur á að spila með í þessu stórskemmtilega lottói þar sem milljónirnar skipta tugum, hundruðum – og þúsundum!

Kynntu þér fyrirkomulagið og vinningslíkur á www.lotto.is og spilaðu með.

FÖSTUDAGUR TIL FJÁR



**SÖLU LÝKUR
KLUKKAN 18:00
FÖSTUDAGINN
1. FEBRÚAR**



Aætla menn ekki biðjast afsökunar?



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði á Alþingi að Ísland hefði unnið fullnaðarsigur í málinu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði verið misnotaður til að reyna að þvinga Íslendinga til að gefa eftir í málinu og Evrópu-sambandið hefði í fyrsta skipti í sögu sinni gerst aðili að málaferlum fyrir EFTA-dómstólum.

Sigmundur sagði að ef fyrsti Icesave-samningurinn hefði verið samþykktur hefði kostnaðurinn við hann í maí á síðasta ári numið 250 milljörðum króna.

Gróflega mætti segja að það væri nettó kostnaður ríkisins við rekstur Landspítalans í tíu ár. Þá spurði hann hvort ráðherrar ætluðu sér ekki að biðjast afsökunar.

„Þótt við einbeitum okkur fyrst og fremst að því í dag að fagna sigri í málinu, fagna sigri Íslands, þá er ekki hægt annað en að líta um öxl, þó ekki væri nema til að læra af mistökum sem gerð hafa verið í þessu máli. Ekki er hægt annað en að spyrja fulltrúa ríkisstjórnarinnar – sem í tvisgang hefur reynt að setja himinháar kröfur sem ekki var innstæða fyrir á herðar íslensks almennings, sem hefur tvisvar verið gerð afturreka með það í þjóðaratkvæðagreiðslu og tapar nú dómsmáli – að því hvort menn ætli að biðjast afsökunar.“

Þjóðin varð að eiga síðasta orðið



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á þingi í gær að flokkur hans hefði frá upphafi haft tvö atriði að leiðarljósi við meðferð þingsins á Icesave-málinu. Í fyrsta lagi að Ísland hefði sterka lagalega stöðu og þyrfti því ekki að undirgangast afarkosti. „Munurinn á fyrstu samningunum og hinum síðustu sýnir að þar höfðum við á réttu að standa.“ Í öðru lagi að þjóðin ætti að eiga síðasta orðið um Icesave-samningana. Það traust hefði ríkisstjórnin aldrei borið til þjóðarinnar.

Bjarni minnti á að stjórnarandstaðan hefði efnt til lengstu umræðna í sögu þingsins til að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin semdi af sér fyrir hönd þjóðarinnar.

„Í þinginu náðist meirihluti um þriðja samninginn. Þann samning studdi ég. Þar var leitast við að lágmarka óvissu og lagalega og fjárhagslega áhættu. Þá var einnig orðið ljóst að þrotabú Landsbankans stæði vel og greiðslur úr því yrðu ekki sérstakt vandamál. Það var loks mitt mat, og allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, líkt og á fyrri stigum, að rétt væri að vísa málinu til þjóðarinnar og leyfa henni að eiga síðasta orðið um þá skuldbindingu sem í samningum fólst.“

Ísland var neytt að samningaborðinu

Forysta ríkisstjórnarinnar segir niðurstöðuna auðvelda endurreisn efnahagslífsins. Segir Ísland hafa verið neytt til samninga um Icesave annars hefði nauðsynlegt fjármagn ekki borist. Töf vegna Icesave hafi kostað íslenskt efnahagslíf mikið.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar glöddust yfir niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir ríkisstjórnina hafa allan tímann tekið á málinu af festu og ábyrgð. Nauðsynlegt hafi verið að meta heildarhagsmunum þjóðarinnar og ganga að samningum um málið, enda hafi dómstóla-leiðin verið lokuð.

„Við gátum ekki bara horft á málið út frá því að við hefðum ekki brotið innstæðutilskipunina, en við höldum því fram allan tímann. Við þurftum að horfa á þetta út frá endurreisn landsins. Staðan var raunverulega sú, þegar þetta dundi yfir, að við urðum að sýna samstarfsvilja til að halda endurreisninni áfram og gátum ekki bara gefið alþjóðasamfélaginu langt nef.“

Jóhanna segir staðreynd að lausn á Icesave-deilunni hafi verið forsenda samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og þess að Ísland hefði aðgang að lánalínum. Egan samstarfsvilja hafi verið að finna hjá alþjóðasamfélaginu og meira að segja Norðurlandarákin hafi lokað á lán til landsins nema samið yrði um Icesave. En er ekki ljóst að hefði þjóðin ekki fellt samninga ríkisstjórnarinnar um Icesave, hefðu háar fjárhæðir lagst á herðar hennar?

„Menn verða að horfa heildstætt á það í hvaða stöðu við hefðum verið. Landið var að lokast og að verða fjárhagslega einangrað og lán Norðurlandarákjanna skiptu okkur miklu máli. Ef við hefðum verið sett í ruslflokk, ekki náð samvinnu við AGS, hvar værum við í endurreisninni þá og hvað hefði það kostað samfélagið mikið? Ef menn telja rétt að stilla upp tölum verður að setja þann reikning á móti.“

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra tekur undir það. Mikili tjón hafi skapast af því að Icesave hafi verið tengt efnahagslegri aðstoð við Ísland.

„Staðan var einfaldlega sú, og það er rakið í skjölum, að Ísland komst hvorki lönd né strönd með sín mál. Það sat allt fast hvað Ísland varðaði, samstarfsáætlun við AGS. Tafirnar á því að takast á við þetta mál töfðu þá áætlun, sem varð okkur mjög dýrt, og töfðu efnahagslega endurreisn Íslands.“



SÁTT Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra voru að vonum sátt þegar niðurstaða EFTA-dómstólsins var ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GLUGGAÐ Í DÓMINN Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra gluggaði í dóminn á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Dómur EFTA-dómstólsins í gær var nauðsynlegur í þeim tilgangi að skýra mikilvægt álitamál samkvæmt EES-rétti og til að útkljá málið í samræmi við reglur EES-réttar,“ sagði Oda Helen Sletnes, forseti eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), í tilkynningu til fjölmiðla í gær.

Aðalfundur Félags Íslenskra kvenna í Tónlist

verður haldinn í NemaForum Menningarhús
Lækjartorgi 5 miðvikudaginn 30. janúar kl. 19.00

Skráning fer fram í gegnum netfangið fikt1212@gmail.com

HEILSUVIKA

28. jan. - 3. feb.

Verðdæmi:

Laxaflokkur marineraður með Lemmon/Butter ...	1.390
Laxaflokkur, ferskur	1.390
Þorskhakkar	1.390
Ýsuflokkur roðlaus/beinlaus	1.390
Löngusteikur marineráðar Indversku karri ..	1.390
Löngusteikur marineráðar á Gríska vísu ..	1.390
Rauðsprettuflokkur glæný	1.390
Allir fiskréttir	1.390



ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI

1.390 kr.kg.

Opíð kl. 7-18.15
Laugard. 10-15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

2006	2008	2009	2010	2011	2012	2013
2006 Landsbankinn opnar Icesave-reikningana.	6. október 2008 Neyðarlög eru sett á Alþingi. Með þeim eru allar innstæður innanlands tryggðar en ekki kveðið á um innstæður erlendis.	14. nóvember 2008 Brussel-viðmið er samþykkt. Lágmarksinnstæða verði tryggð.	28. ágúst 2009 Samningurinn er samþykktur. Ítarlegir fyrirvarar fylgja um endurupptökuákvæði, að tekið verði tillit til efnahagsástandsins og óskoraðan rétt yfir auðlindum. Íslendingar áskilja sér rétt til að láta skera úr um lögmæti. Ríkisábyrgð er háð samþykki viðsemjenda. Forseti staðfestir 2. september.	16. febrúar 2011 Icesave III (Buchheit-samningur) er samþykktur á Alþingi.	9. apríl 2011 Icesave III er hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.	16. maí 2012 Liechtenstein og Noregur styðja málstað Íslands. Bretland og Holland mæla gegn Íslandi, ein ESB-ríkja.
8. október 2008 Bretar beita hryðjuverkalögum. Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsir yfir að ríkissjóður muni styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda með fé til að standa við skuldbindingarnar. Holland og Bretland ákveða að tryggja allar Icesave-innstæður.	11. október 2008 Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri gera samkomulag við Hollendinga, Memorandum of Understanding. Ísland greiði lágmarksinnstæðu. Lán til 10 ára á 6,7 prósentu vöxtum.	16. nóvember 2008 Samkomulag við ESB, fyrir hönd Bretlands og Hollands. Íslensk stjórnvöld ábyrgjast lágmarkstryggingu.	17. september 2009 Bretar og Hollendingar hafna fyrirvörum.	20. febrúar 2011 Forseti Íslands sýnir Icesave III staðfestingar.	14. desember 2011 ESA vísar Icesave-deilunni til EFTA-dómstólsins.	28. janúar 2013 EFTA-dómstóllinn úrskurðar Íslandi í hag. Málinu er því lokið.
		5. desember 2008 Þingsályktun er samþykkt á Alþingi. Leitað verði samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða sem aðilar hafa samþykkt.	30. desember 2009 Alþingi samþykkir Icesave II.	28. mars 2012 Framkvæmdastjórn ESB stefnir sér til meðalgöngu í málinu.	18. september 2012 Munnlegur málflutningur fer fram fyrir EFTA-dómstólum.	
		24. febrúar 2009 Viðræður hefjast formlega. Svavar Gestsson fer fyrir samninganefnd Íslands.	5. janúar 2010 Forseti sýnir lögunum staðfestingar. Þóðar þjóðaratkvæðagreiðslu og nýjar samningaviðræður hefjast.	28. mars 2012 Icesave II er hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.		
		5. júní 2009 Samkomulag tekst um lausn Icesave. Lánið verði greitt upp fyrir árið 2024. Vextir 5,55 prósent. Eignir Landsbankans ganga upp í skuld.	8. desember 2010 Nýtt samkomulag næst um lausn Icesave-deilunnar.			
		15. júní 2009 Bretland afléttir umdeildri frýstingu á breskum eignum íslensku bankanna.				

ÚTSALA

PARKET, FLÍSAM OG HURÐIR
ÞÚ GETUR SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA!



Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík
Sími 516 0600 | www.birgisson.is

 NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

NÝR HYUNDAI KEMUR Á ÓVART

FRAMLAG ISLENSKA
BÍLL
ÁRSINS
2013
BÍLADAMANNNA



Hyundai Santa Fe Comfort - Jeppi ársins 2012
Comfort 2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.650 þús. kr.

Eyðsla 6,6 l/100 km.*



Hyundai ix35 - 4x4
2,0 dísil, beinskíptur. Verð: 5.790 þús. kr.

Eyðsla 5,7 l/100 km.*



Hyundai i30 Classic
1,4 dísil, beinskíptur. Verð: 3.550 þús. kr.

Eyðsla 4,1 l/100 km.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

Opnunartími Hyundai Kaupúni 1 (Beint á móti IKEA)
Opnið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.



Kaupúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

www.facebook.com/hyundai.is

Framkvæmdastjórn ESB um innstæðutryggingar eftir Icesave-dóminn: Tilskipunin enn þá í gildi í ESB

Framkvæmdastjórn málefna innri markaðar hjá ESB telur tilskipun sambandsins um innstæðutryggingar í fullu gildi gagnvart aðildarríkjum ESB, þrátt fyrir Icesave-dóminn. Þetta segir í tilkynningu frá talsmanni Michel Barnier framkvæmdastjóra.

Málið var af mörgum álitum prófsteinn á innstæðutryggingakerfi ESB. De Rynck segir að einhvern tíma gæti tekið að meta heildaráhrif dómsins, en í rökum sínum með umsókn um að fá meðalgöngu í málinu bar framkvæmdastjórnin við mikilvægi málsins til að viðhalda trausti á innstæðutryggingakerfinu.

„Framkvæmdastjórnin stendur

við túlkun sína á núverandi innstæðutryggingakerfi innan ESB. Innstæðutryggingar hjá hinum 27 aðildarríkjum eiga einnig við ef kerfishrun á sér stað,“ segir hann.

Aðildarríkin eru, samkvæmt skilningi framkvæmdastjórnarinnar, því bundin því að tryggja innstæður allt að 100.000 evrum. Nú stendur yfir endurskoðun til eflingar innstæðutryggingakerfinu.

Þá fagnar framkvæmdastjórnin þeirri yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda að greiðslur úr þrotabúi Landsbanka til kröfuhafa muni halda áfram „og að Icesave-kröfurnar verði að fullu greiddar af hinum raunverulega skuldara, þrotabúi Landsbankans.“ - þj



MICHEL BARNIER Talsmaður Michel Barnier, framkvæmdastjóra málefna innri markaðar ESB, segir að tilskipun um innstæðutryggingar sé enn í fullu gildi í ESB-ríkjum þrátt fyrir úrskurðinn í Icesave-málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkaði merkjanlega í gær:

Markaðir fögnuðu dómnum

Ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf lækkaði merkjanlega í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu í gær. Þá má búast við því að horfur um lánsþæfismat ríkissjóðs batni í kjölfar dómsins.

Dagurinn á mörkuðum hófst þó reyndar á því að ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf hækkaði eftir að Bloomberg greindi ranglega frá því að Ísland hefði tapað Icesave-málinu. Fréttin var þó leiðrétt skömmu síðar og þegar niðurstaðan lá fyrir lækkaði ávöxtunarkrafa á alla flokka ríkisskuldabréfa og húsnæðisbréfa sem þýðir það að verð bréfanna hækkaði.

Á sama tíma hækkaði hlutabréfaverð allra íslensku félaganna í Kauphöllinni utan Össurar. Hækkaði úrvalsvísitalan því um 1,83% í gær þótt óvíst sé hvort rekja megi þá hækkan beint til niðurstöðu Icesave-málsins.

Stóru matsfyrirtækin þrjú; Moody's, Standard & Poor's og Fitch, brugðust ekki sérstaklega við úrskurðinum í gær. Bloomberg hafði hins vegar eftir fulltrúa Standard & Poor's að niðurstaðan myndi til skemmri tíma ekki hafa áhrif á lánsþæfismat Íslands.

Þó má búast við því að horfur um lánsþæfismat ríkissjóðs hafi batnað við tíðindi gær dagsins. Þannig hafði Moody's varað við því að neikvæð niðurstaða í Icesave-málinu myndi fella lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs í ruslflokk, en hún er sem stendur í lægsta fjárfestingarflokki. - mþl



KAUPHÖLLIN Dagsvelta með ríkisskuldabréf var um 30 milljarðar króna í gær og hefur ekki verið meiri síðan árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hamingjuóskir frá Danske Bank

Greiningardeild Danske Bank sendi hamingjuóskir til Íslendinga í gær eftir að niðurstaða EFTA-dómstólsins lá fyrir. Í tilkynningu frá bankanum var þess getið að ákvörðunin hefði komið nokkuð á óvart, en hún gæti haft nokkur áhrif á bankakerfið í Evrópu.

Þessi niðurstaða væri þó góðar fréttir fyrir íslenskt efnahagslíf. Ljóst væri að Ísland þyrfti ekki að greiða Bretlandi og Hollandi kostnað vegna endurgreiðsna til innstæðueigenda og það eyddi óvissu um framtíð ríkisfjármála. Því ætti niðurstaðan að efla bjartsýni neytenda og fyrirtækja og trú á framtíðinni.

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnpláss. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is, fyrir 15. febrúar nk.

Framlenging ÚTSALA 70% AFSLÁTTUR

FRAM
Á NÆSTA
SUNNUDAG



**30%
AFSLÁTTUR**

159.990

FULLT VERÐ 229.990

CELICO tungusófar (hægri og vinstri)
Stærð: 225 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.
Aukahlutur á mynd **CELICO** hnakkapúði. Fullt verð 19.900. **TILBOÐSVERÐ 13.990.**



**30%
AFSLÁTTUR**

TRAVIS Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 225 D: 95 H: 80 cm.
2ja sæta B: 170 D: 95 H: 80
Stóll B: 112 D: 95 H: 80

3 SÆTA
159.990
VERÐ: 229.990

2 SÆTA
139.990
VERÐ: 199.990

STÓLL
118.980
VERÐ: 169.990



**35%
AFSLÁTTUR**

STING tungusófi.
B 300 H 85 Hægri-
tunga 152 cm.
Svart, dökkgrátt og
grátt slitsterk áklæði.

162.494
FULLT VERÐ 249.990



**30%
AFSLÁTTUR**

IBIZA borð-
stofuborð.
B: 90 L: 180
H: 75 cm.
Eikarplata og
málmfótur.

34.993
VERÐ: 49.990



TANA
hægindastóll. Fánlegur
rauður, hvítur og svartur

139.990
VERÐ: 199.990

**30%
AFSLÁTTUR**

IBIZA borðstofuskápur.
B: 110 D: 45 H: 190 cm.
Hvít eða grá olíuborin eik

149.990
VERÐ: 229.990

**34%
AFSLÁTTUR**



**20-70%
AFSLÁTTUR**

**ÖLL
SMÁVARA**

**40%
AFSLÁTTUR**

13.990
VERÐ: 23.990

ANNABELLA
borðstofustóll.
Svart, leður.



**25%
AFSLÁTTUR**

ANDREW
borðstóll.
Svart, brún og
hvítt leður.

14.990
VERÐ: 19.990



**70%
AFSLÁTTUR**
AF LINEA BORDI

LINEA borðstofuborð.
B: 90 L: 180 H: 75 cm.
Hvítlakkaður viður.

19.790
VERÐ: 65.990

IDdesign
LAUREN
RALPH LAUREN
Broyhill
LA Z BOY



HÚSGAGNAHÖLLIN

Fálkar í Pakistan



GEFUR FÁLKUM FRELSI Tollvörður í Pakistan með nokkra fálka sem reynt hafði verið að smygla úr landi. Tollverðir fóru með fálkana inn á verndarsvæði nálægt borginni Karachi, þar sem þeim var sleppt lausum.

NORDICPHOTOS/AFP

Brenndu fornar bækur í Timbuktu

Franskir og malískir hermenn bjuggu sig undir að ná hinni sögufrægu borg Timbuktu á sitt vald eftir að íslamistar höfðu hörfað út í eyðimörkina í kring. Áður en hinir síðarnefndu flúðu kveiktu þeir í bókasafni með merkum fornritum.

MALI, AP Herskár íslamistar, tengdir samtökunum al-Kaída, hafa undanfarna tíu mánuði beitt af mikilli hörku strangtrúartúlkun sinni á lögum íslams í norðurhluta Malí, sem þeir náðu á sitt vald á síðasta ári.

Þeir hafa eyðilagt fornar byggingar, refsað konum með svipuhöggum ef þær báru ekki andlitsblæjur og nú síðast kveikt í bókasafni í hinna sögufrægu borg Timbuktu. Þar hafa verið geymd merk fornrit, sum frá tólfu öld.

„Þeir kveiktu í öllum mikilvægustu fornritunum. Fornum bókum um landafræði og vísindi. Þetta er saga borgarinnar Timbuktu og íbúa hennar,“ segir Ousmane Halle borgarstjóri. „Það er virkilega skelfilegt að þetta skuli hafa gerst.“

Hluta handritanna hafði reyndar verið komið undan áður en íslamistarnir hertóku borgina, þannig að ekki er vitað hve stór hluti þeirra eyðilagðist í eldinum.

Eldinn í bókasafninu kveiktu þeir rétt áður en þeir flúðu borgina í gær, en franska hernum hefur tekist að hrekja þá burt frá Timbuktu.

Íslamistarnir hafa flúið út í eyðimörkina í kring, en franskir og malískir hermenn bjuggu sig í gær undir að halda innreið sína í borgina.

Íslamistarnir náðu borgunum Timbuktu, Gao og Kidal á sitt vald í mars á síðasta ári, stuttu eftir að herforingjar í Malí gerðu þar stjórnarbyltingu. Herforingjarnir sögðu þá gera byltingu vegna



MALÍSKIR HERMENN Komnir á Gao-flugvöll, skammt austur af Timbuktu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

óánægju með það hve illa stjórnin hefði búið að hernum með þeim afleiðingum að hann hefði ekki getað varist uppreisn íslamista.

Íslamistarnir hafa nú verið hraktir burt frá bæði Gao og Timbuktu en halda enn borginni Kidal, sem er höfuðstaður héraðsins.

Franski herinn náði Gao á sitt vald á laugardag. Strax aðfaranótt sunnudag náðu Frakkar flugvellið í Timbuktu á sitt vald og síðan öllum umferðarleiðum til og frá borginni.

Eyðileggingarherferð íslamista í Malí minnir mjög á skemmdarverk sem talibanar í Afganistan unnu á fornminjum þar í landi fyrir rúmum áratug. gudsteinn@frettabladid.is



FORN HANDRIT Í MALÍ Á bókasafninu í Timbuktu voru geymd merk fornrit.

NORDICPHOTOS/AFP


Sjálfboðaliði í Hjálpræðishernum allt árið?

Laugardaginn 2. febrúar kl 10.00 -16.00 verður boðið upp á námskeið fyrir sjálfboðaliða í Mjódd (þar sem Hertexbúðin er).

Efni námskeiðsins er:

- Saga Hjálpræðishersins, uppbygging og gildi
- Hvað felur það í sér að vera sjálfboðaliði í Hjálpræðishernum?
- Hvers er krafist af sjálfboðaliðanum?
- Hvað getur Hjálpræðisherinn boðið sjálfboðaliðanum?

Skráning hjá island@herinn.is eða í síma 552 0788



www.volkswagen.is



Til afgreiðslu strax

Mest seldi atvinnubíll ársins 2012

Volkswagen Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Staðalbúnaður í Caddy er: Hliðardyr báðum megin, tvískipt afturhurð, rúðuþurrkur á afturrúðum, hiti í afturrúðu, lokað skilrúm milli farþega- og flutningsrýmis, ABS-bremsuvörn, ESP-stöðugleikastýring og spólvörn, hæðarstillanlegt ökumannssæti, rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar, hæðarstillanlegt öryggisbelti, velti- og aðdráttarstýri, gúmmídukur í farþegarými, loftþrúði, útvarp með geislaspilara, útihitamælir, klukka, glasahaldari, fjarstýrðar samlæsingar og stórt geymslurými fyrir ofan bílstjóra.

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.


**Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
(2.462.151 kr. án vsk)**



Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Söluáðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



NÆRÐU HUGANN

NÁMSKEIÐ Í FYRRI HLUTA FEBRÚAR

MENNING

Sagan af útlaganum Gretti Ásmundarsyni - Námskeið fyrir börn
skráningarfrestur til 1. febrúar

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
skráningarfrestur til 11. febrúar

Draumar – auður svefnsins
skráningarfrestur til 11. febrúar

Frá trú til trúar: Forn átrúnaður og indversk trúarbrögð
skráningarfrestur til 13. febrúar

Parsifal
skráningarfrestur til 13. febrúar

Tilraunakennd kvikmyndagerð – áhorf og umræður
skráningarfrestur til 18. febrúar

PERSÓNULEG HÆFNI

Öflugt sjálfstraust
skráningarfrestur til 4. febrúar

Ísland og Evrópa: Samband á tímamótum
skráningarfrestur til 5. febrúar

Ljósmyndun – Að taka betri myndir
skráningarfrestur til 5. febrúar

Auðna í lífi og starfi - Hagnýt jákvæð sálfræði
hefst 7. febrúar

Úr neista í nýja bók – Námskeið í Hofi á Akureyri
skráningarfrestur til 7. febrúar

Kvikmyndahandrit – ritsmiðja
skráningarfrestur til 11. febrúar

Gagnrýnin hugsun
skráningarfrestur til 11. febrúar

Fimm vegvísar til velfarnaðar – byggt á jákvæðri sálfræði
skráningarfrestur til 12. febrúar

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Ábyrgð byggingastjóra og hönnuða
skráningarfrestur til 7. febrúar

Raki og mygla í byggingum:
Fyrirbyggjandi aðgerðir, uppbygging og lagfæringar
skráningarfrestur til 13. febrúar

UPPELDI OG KENNSLA

Hagnýt jákvæð sálfræði – Gleði, flæði og styrkleikar
skráningarfrestur til 5. febrúar

Markvissar leiðir til hegðunarbreytinga
skráningarfrestur til 8. febrúar

Upplýsingatækni með ungum börnum – námskeið á Akureyri
skráningarfrestur til 11. febrúar

Leikur að bókum
skráningarfrestur til 19. febrúar

STJÓRNUN OG FORYSTA

Mannauðsstjórnun - vinnustofa
hefst 1. febrúar

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
hefst 5. febrúar

Markviss fundarstjórnun og fundarmenning
skráningarfrestur til 4. febrúar

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
skráningarfrestur til 4. febrúar

Árangursstjórnun og árangursmælikvarðar
skráningarfrestur til 7. febrúar

Creativity in Business: Strategies and Techniques
skráningarfrestur til 7. febrúar

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel I
skráningarfrestur til 4. febrúar

Að telja rétt fram
skráningarfrestur til 11. febrúar

Áhættugreining fyrir stjórnendur
skráningarfrestur til 18. febrúar

STARFSTENGD HÆFNI

WordPress - Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 31. janúar

B2B markaðssetning
skráningarfrestur til 5. febrúar

Grunnatriði í verkefnastjórnun
hefst 6. febrúar

Hagnýtar leiðir til að miðla fræðslu og upplýsingum svo allir skilji
skráningarfrestur til 6. febrúar

Markvissari tölvupóstsamskipti
skráningarfrestur til 13. febrúar

Verkefnastjórnun með MS Project
skráningarfrestur til 14. febrúar

TUNGUMÁL

Danska II
skráningarfrestur til 4. febrúar

Spænska II
skráningarfrestur til 4. febrúar

Ítalska II
skráningarfrestur til 11. febrúar

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sálgæslufræði: Velliðan – líf í jafnvægi
umsóknarfrestur til 1. febrúar

CBT for Post traumatic Stress Disorder
hefst 15. febrúar

SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Niðurstaðan í Icesave er margfalt fagnaðarefni:

Kaflalok

Niðurstaða EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu er fagnaðarefni af mörgum ástæðum. Hún er léttir fyrir íslenska skattgreiðendur, sem nú liggur fyrir að munu ekki þurfa að bera útgjöld vegna málsins. Hún dregur úr óvissu í efnahagslífinu og í samskiptum við umheiminn og stuðlar vonandi að betra lánsþæfismati landsins. Það ætti líka að hjálpa til í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og almennum umræðum um þær að þessi draugur sé kveðinn niður.

Þótt niðurstaðan í gær hafi verið góð, þýðir hún ekki að það hafi verið röng afstaða að vilja semja um Icesave-málið. Samningaleiðin var viðleitni til að hafa stjórn á niðurstöðunni, sem dómstólaleiðin bauð ekki upp á. Enginn gat séð fyrir með vissu hvernig málið færi fyrir EFTA-dómstólum og ástæða var raunar til að ætla að niðurstaðan yrði Íslandi ekki jafnhagfelld og raun ber nú vitni, enda hefur Eftirlitsstofnun EFTA haft sigur í langflestum sammingsbrotamálum sem hún hefur höfðað fyrir dómnum.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Þótt full ástæða sé til að fagna sigri í Icesave-málinu er líka skynsamlegt að draga ekki of víðtækar ályktanir af honum. Það er til dæmis ekki ástæða til að hefja enn á ný á loft goðsögnina um smáþjóðina, sem neitaði að taka á sig klyfjar bankahrunsins, af því að hún gefur einfaldlega ekki rétta mynd af raunveruleikanum.

Í þessu afmarkaða tilviki á það við að íslenskur almenn-ingur sleppur við að taka á sig byrðar. En við erum ekkert ólík öðrum Evrópuþjóðum hvað það varðar að við höfum fengið „skuldir óreiðumanna“ í hausinn í tuga milljarða vís. Það nægir að rifja upp 140 milljarða eiginfjárframlag til nýju bankanna, nærri sextíu milljarða víkjandi lán til þeirra, 270 milljarða tapaðar kröfur Seðlabankans og ríkissjóðs vegna lána til bankanna fyrir hrun og nokkra tugi milljarða vegna aðstoðar við sparissjóði og önnur smærri fjármálafyrirtæki eftir hrun.

Við borgum líka, þótt við höfum unnið þetta mál, og eigum ekki annarra kosta vól. Ekki frekar en til dæmis brezkir og hollenzkir skattgreiðendur, sem kunna nú að sitja uppi með hluta kostnaðarins af þeirri ákvörðun stjórnvalda í þessum löndum að greiða eigendum Icesave-reikninga innistæður þeirra strax út.

Ein niðurstaða EFTA-dómstólsins, sem snýr að öllu fjármálakerfi Evrópu, er að innistæðutryggingakerfið, sem margir fjárfestar töldu að myndi verja þá áföllum, virkar ekki eins og það átti að gera. Það er ekki bara vandamál Evrópusambandsins, heldur alls evrópska fjármálamarkaðarins, að EFTA-ríkjunum meðtöldum, og getur þýtt að hugsa verði innistæðutryggingakerfin upp á nýtt.

Hvað sem öðru líður hefur nú verið settur punktur aftan við langan og afskaplega leiðinlegan kafla í sögu endur-reisnarinnar eftir hrun. Það er allra hagur að honum er lokið og þjóðin getur horft bjartsýnni fram á veginn.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Túlkanirnar

Það fór líklega ekki framhjá neinum að EFTA-dómstóllinn sýknaði í gær Ísland af kröfum Breta og Hollendinga í Icesave-málinu. Úr niðurstöðunni má einkum lesa eitt: Að Íslandi beri ekki að verða við kröfum Breta og Hollendinga í Icesave-málinu. Þingmenn létu hins vegar ekki þar við sitja og tulkðu niðurstöðuna hver með sínu nefi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson las í dóminn að nú væri lag að ráðast í skuldaniðurfellingar fyrir heimilin. Árni Páll Árnason sagði hann sanna hversu frábært Evrópusambandið væri. Og Birgir Ármannsson dró þann lærdóm af öllu saman að ekki skyldi breyta íslensku stjórnarskránni.

Sú síðasta

Það er synd að Árni Johnsen hafi ekki kvatt sér hljóðs um málið. Hann hefði líklega getað fært rök fyrir því að dómurinn sýndi fram á nauðsyn þess að grafa jarðgöng til Vestmannaeyja. Margrét Tryggvadóttir rak síðan endahnúttinn á umræðurnar – og hefði líklega ekki getað gert það betur: „Þetta verður síðasta ræða mín um Icesave, ég lofa því.“

Allt annað mál

Á þessum stað var í gær vikið að Jóni Snorra Snorrasyni, lektor og fyrrverandi stjórnarformanni Sigurplasts, og rimmu hans við DV. Jón Snorri vill koma því á framfæri að ákæra sem gefin hefur verið út á hendur honum sé ótengd þeirri umfjöllun sem ábyrgðarmenn DV hlutu meiyðráðom fyrir. Ákæran eigi uppruna sinn í kæru frá Arion banka, „út af allt öðru máli“, eins og segir í athugasemd Jóns Snorra. Leiðrættist það hér með.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK

HÁMARK
HOLLUR FÉLAGI

Málefni útlendinga

ÚTLENDINGAR



Smári Sigurðsson
fv. yfirmaður alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra

Ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, fyrir nokkrum dögum hafa vakið mikla athygli og kallað á harkaleg viðbrögð þar sem m.a. innanríkisráðherra og alþingismenn auk minni spámannanna hafa farið mikinn og gagnrýnt Kristínu harkalega. Innanríkisráðherra lýsti mikilli óánægju með ummælin og Björgvin G. Sigurðsson kvaðst „algjörlega ósammála“ og ræddi málið við ráðherrann. Þá hafa birst nokkrar greinar þar sem Kristín er gagnrýnd harkalega og jafnvel lagt til að hún leiti að öðru starfi.

Ég hef átt samstarf við Kristínu um árabíl varðandi málefni útlendinga og er sannfærður um að hún hefur ekki látið umrædd ummæli falla af tilefnislausu.

Ég hygg að ef þeir sem hæst láta hefðu fyrir því að kynna sér málið betur mætti finna ótrúlega mörg dæmi þess að einstaklingar leita hælís á fólkskum forsendum. Ég veit reyndar um allmörg dæmi og er sannfærður um að ef starfsmenn lögreglu sem starfa að þessum málaflokki væru spurðir gætu þeir nefnt fjölmörg dæmi þess að hælisleitendur segja ekki satt og rétt frá um aðstæður sínar.

Ég tel einnig rétt að hafa í huga í þessu samhengi að stór hluti þeirra einstaklinga sem sækja um hæli á Íslandi hefur

áður sótt um hæli í öðrum Evrópulöndum, fengið þar mat á aðstæðum og verið synjað.

Ísland er aðili að svokölluðum Dyflinnarsamningi sem gerður var til að koma í veg fyrir að flóttamenn sem fengið hafa synjun í einu aðildarlandi geti farið í næsta land og byrjað þar ferlið að nýju. Varla hafa stjórnvöld í þeim löndum sem aðild eiga að Dublinarsamningnum ákveðið að gera með sér samning nema að til þess lægju rök þ.e. að svo mikið var orðið um „asylum shopping“ að ekki varð við unað.

Það er svo önnur saga hvers vegna íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að taka fyrir hér að nýju mál hælisleitenda sem þegar hafa fengið faglega umfjöllun t.d. í Noregi eða telja íslensk stjórnvöld ef til vill norðmenn ekki starfi sínu vaxna að þessu leyti.

Að lokum verð ég að segja að mér er það umhugsunarefni að núverandi innanríkisráðherra skuli bregðast svo harkalega við ummælum undirmanns, sérstaklega í ljósi þess að hann var áður formaður BSRB og þar áður fréttamaður sjónvarps. Ætli hann hafi á þeim tíma verið sömu skoðunarvarðandi frelsi fólks til að láta í ljósi skoðanir sínar?

Vítamín og heilsa

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Það hefur verið mikil vakning upp á síðkastið varðandi neyslu vítamína og þá sérstaklega hefur verið fjallað um D-vítamín og nauðsyn þess að bæta því út í matvæli á borð við mjólk og mjólkurvörur auk annarra vöruflökka. Þekkt er að íbúar á norðurhveli jarðar fá of lítið í gegnum sólarljósið og við erum hér á Íslandi líklega með gildi í lægri kantinum sem vert er að bæta upp með inntöku D-vítamíns sem fæðubót.

Við erum meðvituð um það að vítamín eru nauðsynlegur hluti af eðlilegri líkamsstarfsemi og að flest okkar eiga að fá það sem við þurfum í gegnum þá næringu sem við tökum til okkar dags daglega. Virkni þeirra á líkamsstarfsemi er margvísleg og hefur sem dæmi áhrif á ónæmiskerfið, taugakerfi, meltingu, vöxt og þannig mætti lengi telja. Almennt er talið að líkaminn þarfnist 13 mismunandi tegunda sem skiptast í fituleysanlegu vítamínin A, D, E og K annars vegar og hins vegar þau vatnsleysanlegu, C- og B-vítamínin (þíamín, ribóflavín, níasín, pantótensýra, bíótín, píridoxín, fólínsýra og B-12).

Munurinn á þessum tveimur flokkum er að líkaminn skolar út

þeim vatnsleysanlegu í gegnum nýrun ef hann þarf ekki að nota þau, en geymir A, D, E og K, sem þýðir að þau geta safnast upp í líkamanum og valdið eiturverkunum sem afleiðingu af of mikilli neyslu þeirra eða lélegum útskilnaði. Fjölmargir nota þó vítamín sem bætiefni reglubundið og jafnvel í stærri skömmtum en ráðlagt er alla jafna. Ekki eru allir sammála um hvar slíkir skammtar skulu liggja og hafa verið færð rök fyrir því að hækka mætti slíkar ráðleggingar umtalsvert frá því sem nú er. Það er hins vegar augljóslega eðlileg tregða með bætiefni sem kunna að reynast skaðleg.

Þegar horft er til aukaverkana og möguleika á eitrun vegna slíkrar inntöku má nefna sem dæmi ógleði, uppköst, hausverk, svima, slappleika, hægðatregðu, lifrarrvandamál, storkuvandamál í blóði og hjartsláttartruflanir auk útfellinga og kalkana í mjúkpörtum líkamans. Til að nefna aukaverkanir af vatnsleysanlegum vítamínunum og ofneyslu þeirra, sem er einnig möguleg þó ólíklegri sé, eru þar algengastar magaverkir, nýrnasteinar, roði og þroti í húð, taugaskaði og truflun á járnþúska.

Þegar vítamínunum er blandað saman við sölt og ýmis önnur bætiefni geta skapast milli- og aukaverkanir sem of langt mál er að fara yfir í svona stuttri grein. Þó er vert að bæta því við að þekkt er að slíkar samsetningar geta haft áhrif á virkni lyfja svo úr getur orðið skrautleg blanda af virkni og mótverkandi eiginleikum. Sem dæmi

Við erum meðvituð um það að vítamín eru nauðsynlegur hluti af eðlilegri líkamsstarfsemi og að flest okkar eiga að fá það sem við þurfum í gegnum þá næringu sem við tökum til okkar dags daglega.

má nefna áhrif á krabbameinslyf, flogaveikilyf, hjartalyf og sýklalyf.

Þessi upptalning kann að hræða einhvern og jafnvel vekja upp spurningar sem er í sjálfu sér ágætt og ætti hver og einn að vera krítískur, spyrja spurninga og leita svara ef hann er óviss um ágæti þeirra leiðbeininga sem hann kann að hafa fengið. Ljóst er að það er ekki alveg sama hvað maður tekur inn né í hvað magni og þá skiptir einnig verulegu máli hvaða lyf viðkomandi notar að staðaldri. Flestir fá þó líklega of lítið magn af vítamínunum dags daglega og mega vel við því að bæta við sig eftir að hafa fengið góðar leiðbeiningar um slíkt. Ég er því hlynntur því að nota þessi bætiefni á skynsamlegan hátt og tel að við fáum ekki allt sem við þurfum með næringunni. Þá tel ég að endurskoðunar sé þörf með tilliti til ráðlagðra dagskammta á vítamínunum og bætiefnum sem eru líklega of lágir í einstökum flokkum og væri áhugavert að skoða slíkt í samhengi við lýðheilsu.

Þingmenn skoði sjálfa sig

Margir hafa áhyggjur af því hve almenningur metur stjórnámamenn lítills. Skoðanakannanir segja að um tíu af hundræði landsmanna beri traust til Alþingis. Lægri hefur prósentan ekki orðið, nema hún sé það núna, og þingmenn virðast ekki hafa áhyggjur af þessu og eru ekki reiðubúnir að endurskoða

STJÓRN MÁL



Haukur Sigurðsson sagnfræðingur

→ Þeim hinum síðarnefndu yrði snarlega sagt upp og þeir jafnvel beðnir um að greiða fyrirtækinu skaðabætur.

vinnubrögð sín í neinu. Almennir fellir sig ekki við það form að ná málum fram með illdeilum sem verða persónulegar og þjóna þeim lága tilgangi að sýna fram á hve allt sé vitlaust sem andstæðingur ber á borð. Fólk segist ekki kannast við slíkt á sínum vinnustöðum að þeir skiptist í tvennt: þá sem vinna af alúð fyrir fyrirtækið og hina sem vinna gegn því og reyna að koma í veg fyrir að ákveðin vara sé framleidd eða verk unnið. Þeim hinum síðarnefndu yrði snarlega sagt upp og þeir jafnvel beðnir um að greiða fyrirtækinu skaðabætur.

Ef við lítum til Alþingis með þetta í huga þá er ekki hægt að líkja þessu tvennu saman. Alþingi er auðvitað eftir starfsskyldum sínum einstakur vinnustaður. Í lýðræðissamfélögum eru þjóðþing þar sem þingmenn skiptast í slíka meginhópa stjórnarsinna og andstæðinga þeirra og svo er hér.

Algjör skil

En æskilegt væri að stjórnarandstaðan hverju sinni tæki hlutverk sitt mun alvarlegar en hún gerir nú. Gott væri ef hún yrði eins nauðsynleg og ríkisstjórn. Nú er svo gjarnan hjá okkur að skil eru algjör þarna á milli. Ríkisstjórn

gerir ekki ráð fyrir að hún geti tekið neitt mark á því sem stjórnarandstaðan segir. Ekki er það vegna þess að þingmenn stjórnarandstöðu séu svo vitlausir að mati ríkisstjórnar, heldur vegna þess hvernig þeir setja sín mál fram. Því sé ekki hægt að taka mark á þeim.

Þingmenn stjórnarandstöðu eru á móti öllum málum ríkisstjórnar líkt og undirskrift þeirra við eiðstafinn um að fylgja stjórnarskrá í störfum sínum feli þetta eitt í sér. Þetta þrátefli í málflutningi eyðileggur ótrúlega mikið fyrir þingmönnum og veldur einna mestu um lágt gengi þeirra í hugum almennings. Þess vegna er nauðsynlegt að þingmenn temji sér að athuga mál jafnan frá sjónarhóli pólitískra andstæðinga. Nóg eru atriðin til að gagnrýna hvort sem er. Þeir þurfa að spyrja sig hver afstaða þeirra væri til ákveðins máls væru þeir í sporum andstæðinga og hvernig þeir brygðust við ákveðnum málum sem fyrir liggja. Allir vita að þetta form ríkisstjórnarsinna og andstæðinga þeirra er leikform sem ætti að ganga miklu betur upp hjá okkur en reyndin sýnir. Kannski mætti óska sér þess að nýtt Alþingi í apríl 2013 tæki upp breytt og bætt vinnubrögð á þessu sviði fyrst svo varð ekki 2009?

VÖRUR SEM EIGA HEIMA Í ÞÍNU ELDHÚSI



Af hverju fær Hjallastefna hærrí framlög?

MENNTUN



María Grétarsdóttir
varabæjarfulltrúi
FÓLK-SINS-í
bænum



Ragný Þóra Guðjohnsen
bæjarfulltrúi FÓLK-SINS-í bænum

Í rekstri bæjarfélags er mikilvægt að gætt sé jafnræðis við niðurgreiðslu á þjónustu til einstakra hópa. Þannig verður að tryggja jafnræðissjónarmið að baki frjálsu vali um grunnskóla, það er að segja að bæjarreknir jafnt sem einkareknir leik- og grunnskólar búi við sams konar rekstrarskilyrði.

Með framangreint í huga og í kjölfar ákvörðunar bæjaryfirvalda um hækkingu framlaga til miðstigs Barnaskóla Hjallastefnunnar (Vífilsskóla) óskaði FÓLKID – í bænum eftir útreikningum á framlagi Garðabæjar með hverju barni í leik- og grunnskólum Garðabæjar, bæjarreknum skólum og einkareknum. Einnig var óskað eftir afritum af samningum bæjarins við einkarekna skóla.

Í ljós kom að skriflegur samningur liggur fyrir við yngri stig Hjallastefnunnar (Barnaskóla Hjallastefnunnar) frá 10. júní 2008. Þar kemur fram að fyrir hvert barn skuli Garðabær greiða sem nemur 100% framlagi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, sbr. 56. gr. grunnskólalaga, en þó aldrei hærra framlag en meðaltal heildar-

rekstrarkostnaðar grunnskóla Garðabæjar.

Á árinu 2012 greiddi bærinn Barnaskóla Hjallastefnunnar kr. 1.294.020 fyrir hvern nemanda, eða sem nam meðaltali heildarrekstrarkostnaðar þriggja grunnskóla í Garðabæ (Flataskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla), enda var framlag skv. Hagstofu hærra, eða kr. 1.411.487.

Óheimilt hjá bæjarskólum

Þar sem útreikningurinn miðast við heildarrekstrarkostnað bæjarreknu skólanna fær Barnaskóli Hjallastefnunnar greitt sem nemur kennslukostnaði á barn auk meðaltals húsnæðiskostnaðar grunnskólanna.

Mismunandi nýtingarhlutfall bæjarreknu skólanna verður til þess að hækka húsnæðiskostnað á nemanda í bæjarskólunum.

Þannig nemur húsnæðiskostnaður á barn um 200 þúsund kr. á ársgrundvelli í Hofstaðaskóla, um 500 þúsund kr. á barn í Flataskóla, um 900 þúsund kr. á barn í Sjálandsskóla en einungis um 60 þúsund kr. á barn í Barnaskóla Hjallastefnunnar (samkvæmt framlögðum gögnum frá Garðabæ um heildarhúsnæðiskostnað skólans).

Hjallastefnan fær því greiddan húsnæðiskostnað langt umfram raunkostnað. Auk þess nýtir hann heimilda til styrkja úr fleiri áttum en frá bæjarfélaginu

en slíkt er óheimilt hjá bæjarskólunum.

Í svörum Garðabæjar til FÓLK-SINS- í bænum varðandi samninga við einkaskóla kom í ljós að ekki lá fyrir skriflegur samningur við Hjallastefnuna um miðstigið. Fram kom að stuðst hefði verið við munnlegt samkomulag um greiðslu 75% framlags miðað við landsmeðaltal af kostnaði við rekstur grunnskóla á miðstigi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, sem er sama framlag og Alþjóðaskólinn fær með börnum sem búa í Garðabæ. Sjálfstæðismenn hafa nú ákveðið að hækka framlög til miðstigs Hjallastefnunnar en ekki verða hækkuð framlög til annarra skóla. Með framangreindri ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar um aukin framlög til Hjallastefnunnar er ýtt undir ójafnræði milli grunnskóla bæjarins. Bæta þyrfti 3-400 milljónum króna í rekstur bæjarreknu grunnskólanna í Garðabæ á ársgrundvelli til að tryggja þeim sama rekstrargrundvöll og Garðabær tryggir grunnskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

Tillögu hafnað

FÓLKID – í bænum lagði fram tillögu um leiðréttingu á þessu ójafnræði í bæjarstjórn í desember en henni var hafnað. Jafnframt lagði FÓLKID – í bænum fram á bæjarstjórnarfundum í október tillögu um að stofnaður yrði vinnuhópur sem

→ Með framangreindri ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar um aukin framlög til Hjallastefnunnar er ýtt undir ójafnræði milli grunnskóla bæjarins.

markaði heildræna sýn skólamála í Garðabæ þar sem gætt væri meðal annars að hugmyndaauðgi í uppbyggingu skólafarsins, eflingu sérgreinakennslu og skoðaðir möguleikar til hámarksnýtingar húsnæðis skólanna.

Þannig mætti tryggja að samhliða öflugu skólafars í bænum væri útsvarstekjum bæjarins varið á sem skynsamlegastan hátt. FÓLKID – í bænum telur eðlilegt af meirihlutans hálfu að slík rýni fari fram áður en lagðar eru til meiriháttar hækkanir á framlögum til Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þannig megi koma í veg fyrir orðróm um spillingu hjá meirihlutunum þar sem forseti bæjarstjórnar er jafnframt framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Stjórnvöld í Garðabæ verða að skilja þá meginforsendu að þau eru kosin til starfa til að þjónusta og hámarka hag hins almenna íbúa Garðabæjar. Allt of oft virðast því miður pólitískir hagsmunir spila stórt hlutverk í ákvörðunartöku og aðgerðum meirihlutans sem bæjarstjóri að sjálfsgöðu tilheyrir.

AF NETINU

Sigurinn

Ég hafði rangt fyrir mér, tók samninga fram yfir dómstól. Niðurstaðan fyrir hinum fjölþjóðlega dómstóli er að við þurfum ekkert að borga til viðbótar. Ekki einu sinni vexti. Þar spörum við 35-40 milljarða frá Buchheit-samningi, sumir segja meira. Beint tjón ríkisins af Icesave verður ekkert, þótt óbeint tjón verði mikið. Auðvitað var Icesave meðverkandi í falli einkavina-væddu bankanna, sem kostaði ríkissjóð hundruð milljarða. Og í falli Seðlabankans, sem kostaði ríkissjóð hundruð milljarða. En óvissuþáttum hrunsins er lokið.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Leyndarmál

Dómurinn í Icesave-málinu er sigur Davíðs Oddssonar, sem barðist eins og ljón gegn Icesave-samningunum, og Ólafs Ragnars Grímssonar, sem tryggði að þjóðin ætti síðasta orðið um þá. Davíð hafði þegar haustið 2008 sagt, að við ættum ekki að greiða skuldir óreiðumanna, og hann skrifaði áhrifamikil Reykjavíkurbref um málið [...] Dómurinn er um leið ósigur þeirra Jóhönnu Sigurðardóttur, Össurar Skarphéðinssonar og Steingríms J. Sigfússonar, sem ætluðu að neyða samningi þeirra Svavars Gestssonar og Indriða Þorlákssonar upp á þjóðina ólesnum, eins og Sigurður Már Jónsson rekur í merki bók sinni um málið.

pressan.is/pressupennar/
Lesi_Hannes

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Framlög til einstakra skóla í Garðabæ 2012

	Flataskóli	Hofstaðaskóli	Sjálandsskóli	Garðaskóli	Hjallaskóli (1.-4.)	Hjallaskóli (5.-7.)	Alþjóðaskólinn
Fjöldi barna	234	450	245	394	134	92	23
Kennslukostn. á barn	1.022.121	793.162	957.268	904.851	1.294.020	1.058.615	1.058.615
Kennslukostn. m/húsn.	1.511.688	996.921	1.856.560	1.186.178	1.294.020	1.058.615	1.058.615

KANGOO DÍSIL MEÐ RÍKULEGUM STAÐALBÚNAÐI

B|L

KANGOO II EXPRESS

VERÐ: **2.541.833** KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ VERÐ: 3.190.000 KR. M. VSK.

- RENNIRURD Á BÁÐUM HLIÐUM
- TOPPLUGA AÐ AFTAN
- SKILRÚM MEÐ GLUGGA
- NIÐURFELLANLEGT FARÞEGASÆTI
- ÚTVARP OG GEISLSPILARI MEÐ FJARSTÝRINGU
- RAFDRIFNIR, UPPHITAÐIR ÚTISPEGLAR
- RAFDRIFNAR RÚÐUR



www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.

Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.



TILBOÐ

IBTGCAI2802
TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Fræmlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



9.900 m/vsk

Fullt verð 15.520

IBTGCAI094R
TOPPLYKLA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



16.900 m/vsk

Fullt verð 25.230

TILBOÐ

IBTGCAI130B
TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900

TILBOÐ

IBTGCAI9601
VERKFÆRASETT 96 STK.

1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skruvíjárn, töng og fl.
Sterk plasttaska



22.900 m/vsk

Fullt verð 37.200

SKÓTÖNG



9.900 kr.

GENGJUVIÐGERÐARSETT 130 STK.



21.900 kr.

TOPP, BITA, OG SEKKANTSETT



6.900 kr.

SNITTAPPA, OG BAKKASETT



9.900 kr.

IBTDJACO106
SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"
Opnun 6"



16.900 m/vsk

Fullt verð 29.299

TILBOÐ

IBTGCAZ0039
VERKFÆRATASKA STÁL 63 STK.

Topplyklasett 1/2" 10 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 32mm
Sexkantsett, tangir, úrrek, skruvíjárn og slaghamar.



44.900 m/vsk

Fullt verð 61.686

TILBOÐ



LÍFSTÍÐARÁBYRÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

vnr. IBTGT-28305

283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skruvíjárn,
djúpir toppar, höggskruvíjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás



179.900 m/vsk

Okkar besta verð

Aukin viðskiptatækifæri í Kína?

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



Pétur Yang Li

Þriðjudaginn 29. janúar kl. 12:00-13:00 á Háskólatorgi, HT-101

Fyrirlestraröð Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands í samstarfi við Íslandsstofu.

Pétur Yang Li mun fara yfir möguleg viðskiptatækifæri á milli Íslands og Kína. Í framsögu sinni mun hann meðal annars ræða þróun viðskiptasambands landanna, og reifa helstu tækifæri og áskoranir sem blasa við í ljósi aukinnar efnahagslegrar samvinnu með tilkomu hugsanlegs tvíhliða viðskiptasamninga á milli Íslands og Kína.

Erindið verður flutt á ensku.

Pétur Yang Li er viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Peking.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands standa fyrir sameiginlegri fyrirlestraröð um viðskipti við Kína frá ýmsum sjónarhornum.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Vandasamt viðfangsefni

Tekjutengingar, hvatar, lágmörk og fjárhæðir eru sífelld og vandasöm viðfangsefni tengd lífeyrismálum. Lífeyrissjóðirnir greiða þegar hærrí fjárhæð til ellilífeyrisþega en Tryggingastofnun ríkisins og í framtíðinni verða þeir burðarásinn í framfærslu lífeyrisþega. Hlutverk almannatrygginga er fyrst að tryggja lífeyrisþegum ákveðnar lágmarkstekjur. Þessi mismunandi hlutverk lífeyrissjóða og almannatrygginga eru nauðsynleg og mikilvæg en samspil bóta almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum skapa jafnframt ákveðna togstreitu þar á milli.

Af hverju þarf að tekjutengja bæt看 almannatrygginga? Svarið er einfalt en óþægilegt. Kostnaðurinn við að greiða öllum lífeyrisþegum sömu upphæð til lágmarksframfærslu óháð öðrum tekjum er svo hár að ríkið ræður ekki við að greiða ásættanlega upphæð fyrir lífeyrisþegann. Kostnaður almannatrygginganna færi enn fremur hraðvaxandi vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar lífeyrisþega. Kostnaðarinn vegna verður að tekjutengja bæt看 almannatrygginga.

Sífelld fleiri afla sér svo mikilla lífeyrisréttinda að fullar og óskertar bæt看 almannatrygginga til viðbótar væru vel umfram eðlilegar þarfir fyrir framfærslu-eyri. Einnig verður að teljast réttlátt að þegar ríkið tryggir öllum tiltekið lágmark til framfærslu sé nauðsynlegt að þeir sem hafa aflað tekna á starfsævinni greiði framlag upp í þetta lágmark og að þeir sem ná að byggja upp mikil lífeyrisréttindi á starfsævinni fái lítið sem ekkert greitt úr almannatryggingum vegna þess að þeir þurfa ekki á því að halda.

Ýmsar hliðar á réttlætinu

Á móti þessum rökum fyrir tekjutengingum greiðslna almannatrygginga koma svo þung rök sem snúast um hvata til sparnaðar í lífeyrissjóðum og réttlæti frá þeirri hlið. Of miklar tekjutengingar eyðileggja beinlínis hvata til sparnaðar þar sem fólk fær þá ekki neitt til viðbótar fyrir iðgjöld sín í lífeyrissjóði. Margir munu þá snúast gegn sparnaði í lífeyrissjóðum eða reyna að komast hjá iðgjöldum til þeirra. Það er einnig

LÍFEYRISJÓÐIR



Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri SA

→ Af hverju þarf að tekjutengja bæt看 almannatrygginga? Svarið er einfalt en óþægilegt.

óréttlátt að fólk fái jafn mikinn lífeyri óháð því hvað það hefur lagt af mörkum.

Á réttlætinu eru því ýmsar hliðar á þessu sviði eins og öðrum. Þess vegna þarf að finna skynsamlegar leiðir í samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga sem taka tillit til allra sjónarmiða, varðveita hvata í uppbyggingu lífeyriskerfisins en tryggja eftir föngum ásættanlegt lágmark fyrir alla. Stóri gallinn við fyrirkomulag þessara mála nú er að kerfið er illskiljanlegt og virkar eins og frumskógur fyrir lífeyrisþegana sem stafar fyrst og fremst af reddingum á mismunandi tímum. Margar nefndir á vegum stjórnvalda hafa glímt við málið í gegnum tíðina en lítið komist áfram.

Sú sem lengst hefur náð er nefnd undir formennsku Árna Gunnarssonar. M.a. hafa allir stjórnmalaflokkar og aðilar vinnumarkaðarins tekið þátt í störfum hennar. Nefndin vann tillögur til úrbóta og það verður áhugavert að sjá hvernig til tekst við framkvæmd þeirra. Meginhugmynd nefndarinnar er að sameina ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót í einn bótaflokk, ellilífeyri, með 45% tekjuskurðingu. Svonefnd framfærsluuppbót verður við lýði fyrst um sinn en tekjuskurðing hennar lækkar úr 100% í 80% og síðan í áföngum í 45% á fimm árum. Þá verður aðeins einn bótaflokkur eftir, ellilífeyrir, með 45% tekjuskurðingu. Kostnaður ríkissjóðs við þessar breytingar yrði um tíu milljarðar króna eða um 0,5% af landsframleiðslu.

Mikilvægt er að ná niðurstöðu til framtíðar um samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga. Þróunin er hröð vegna fjölgunar lífeyrisþega og smám saman fjölga þeim sem ljúka sinni starfsævi með góð lífeyrisréttindi. Það skiptir máli fyrir alla að lífeyrissjóðir og almannatryggingar vinni vel og markvisst saman. Einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar eiga allir mikið undir.

Vissir þú að...
Fórelorum og yfirvöldum
þer að tryggja öryggi barna



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



FLEIRI STÖRF – BETRI STÖRF!

Opinn fundur SA í Hörpu - Silfurbergi - fimmtudaginn 31. janúar kl. 8.30-10.

Hugmyndir og tillögur:

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA
Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Sinnnum
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
Sigríður Heimisdóttir, iðnhönnuður
Kolbeinn Kolbeinsson, forstjóri Ístaks
Eva María Þórarinsdóttir Lange, eigandi og framkvæmdastjóri Pink Iceland
Halldór Árnason, hagfræðingur hjá SA

Innskot úr íslensku atvinnulífi – í tærum og ferskum litum.

Fundarstjóri: Vilmundur Jósefsson, formaður SA
Samantekt: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Þátttakendur fá nýtt tímarit SA sem kemur út sama dag.
Boðið verður upp á kraftmikla morgunhressingu frá kl. 8.

→ SKRÁNING Á WWW.SA.IS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

ÁVEXTIR OG GRÆNMETI

Á þessum flensutíma er gott að huga að vítamínríkum mat. C-vítamín er gott gegn kvefi og öðrum pestum. Appelsínur eru ríkar af C-vítamíni en svo gildir einnig um papriku, kartöflur, steinselju, græn salatblöð, spergikál, kivi, blómkál og ýmis ber.



Eirberg



Lumie:

Dagljósín – Bæta líðan og auka afköst

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



KLÁRIR KNAPAR BERA HJÁL

KLÁR Í KOLLINUM Þórdís Erla Gunnarsdóttir, tanningamaður, knapi og reiðkennari, fór af stað með átakið Klárir knapar eftir að hún datt sjálf illa af hestbaki með þeim afleiðingum að hjálmur hennar brotnaði.

Síðsumardag í fyrra steig Þórdís Erla Gunnarsdóttir á hestbak líkt og hún gerir alla aðra daga ársins enda starfar hún sem tanningamaður og þjálfari á Grænhóli í Ölfusi. „Þá vill svo illa til að hesturinn, sem ég bjóst ekki við neinu af, stekkur upp, rennur aftur fyrir sig og dettur með mig,“ lýsir Þórdís sem skellur með hausinn í stétt við fallið. „Sem betur fer var ég með hjálm og ég er eiginlega handviss um að hann bjargaði því að ekki fór illa,“ segir Þórdís. Hjálmurinn brotnaði og sjálf fékk hún vægan heilahristing og var frá í nokkrar vikur.

Þórdís hafði fram að þessu verið mjög dugleg að nota hjálm en viðurkennir þó að stundum hafi hún farið hjálmlaus á hesta sem hún þekkti vel. „Eftir þetta atvik hugsaði ég þó með mér að ég myndi aldrei fara aftur hjálmlaus á hestbak, enda gera slysin ekki boð á undan sér.“

Hún vildi einnig vekja aðra til umhugsunar og ákvað því að stofna til átaksins Klárir knapar. „Ég byrjaði síðasta haust á því að hringja í vini og kunningja út um allan heim til að fá þá til liðs við mig. Ég fékk frábær viðbrögð og hef þegar fengið til liðs við mig nokkra heimsmeistarar auk fjölda hestamanna hér heima,“ segir Þórdís glaðlega og bætir við að átakið hafi orðið mun víðfeðmara en hún bjóst við. „Það er fólk alls staðar í heiminum að taka þátt.“

Átakið byrjaði sem áskorun og reyndi Þórdís að fá til liðs við sig góðar fyrirmyndir í hestaþróttinni. Hún stofnaði síðan Facebook-síðuna Klárir knapar þar sem hún kynnir þetta fólk til leiks. „Fyrsta febrúar fer síðan af stað leikur sem felst í því að fólk setur mynd af sér með hjálm á síðuna og skilaboð frá sjálfu sér. Það á síðan möguleika á að vinna meðal annars hjálm og sýnir átakinu stuðning í leiðinni.“

Margt hefur áunnist í hjálmanotkun síðustu áratugi en Þórdís áréttir að ekki megi slaka á. „Ég hugsa að meirihluti fólks noti hjálm en það er alltaf einn og einn sem gerir það ekki. Mér finnst að upp á síðkastið sé fólk frekar farið að slaka á í þessum efnunum. Það er eins með þetta og bílbeltin að það þarf alltaf



að vera vakandi og hnippa í fólk.“ Innt eftir því hvort hún hafi fengið einhverja til að taka upp hjálmanotkun með átakinu svarar Þórdís:

„Já, ég held að það séu þó nokkrir. Þetta hefur vakið fólk til umhugsunar, sérstaklega þá sem eru framfarlega í sportinu og því fyrirmyndir annarra. Flestir eru til fyrirmyndar nú þegar og enn fleiri eru að taka sig á.“

VER VITIÐ

Hér er Þórdís Erla á stóðhestinum Gaumi frá Auðsholtshjáleigu. MYND/KRISTJÓRG EYVINDSDÓTTIR



■ solveig@365.is

ÚTSÖLULOK

á fimmtudag

40–70% afsl.

Nú þriðja flíkin frí



Lokað á laugardag 2. febrúar




Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870

Opið mán.-fös. kl. 11.00-18.00, lau. 11.00-15.00 • www.friendtex.is • praxis.is • soo.dk



Eingöngu lífrænt ræktuð bætiefni

Hámarks næringargildi og upptaka í líkamanum



1 Vegetarian Capsule



Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrapjálfarar og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gíslöft.



...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.

MEZINA
ROSEBERRY
 Öflugt gegn blöðrubólgu
 Virkar innan 24 tíma
 2-3 töflur fyrir svefn




Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
 www.gengurvel.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ
 sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
 Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
 jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
 sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
 elsaj@365.is s. 512-5427

X
ÚTVARPSÞÁTTURINN SNORRI MEÐ ORRA
 FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA



NÝ GREININGARTÆKNI

GRÍÐARLEG FRAMFÖR Fyrirtækið Mentis Cura var stofnað fyrir um áratug og hefur þróað nýja aðferð við greiningu á minnistengdum sjúkdómum. Tæknin markar tímamót og mun auðvelda, flýta og fjölga greiningum.

Á 10 árum hefur Mentis Cura þróað aðferð til að greina fólk með ýmsa sjúkdóma sem tengjast starfsemi heilans. „Ég held að þetta sé með því merkilegasta sem hefur gerst á þessu sviði í þó nokkurn tíma og á eftir að breyta miklu fyrir allan heiminn. Á skjót-virknan og einfaldan hátt má greina hvort einstaklingur sé með Alzheimer, Lewy Body, væga vitræna skerðingu, Parkinson eða þunglyndi,“ segir Kristinn D. Grétarsson, framkvæmdastjóri Mentis Cura.

Aðeins þarf um fimm mínútna búið af heilalínuriti einstaklings til að greina hvort um einhvern að ofangreindum sjúkdómum sé að ræða. „Við erum búin að taka upp heilalínurit tæplega 5.000 einstaklinga, sumra oftar en einu sinni. Síðan höfum við fylgst með þessum einstaklingum og þeirra klínísku sögu. Sumir hafa verið greindir með minnistengda sjúkdóma og þá höfum við sett þá í viðeigandi hópa. Þegar stórir hópar með staðfesta sjúkdómsgreiningu voru fundnir notuðum við nútímalegar tölfræðiaðferðir og öflugar tölvur til að þekkja þessa mismunandi hópa í sundur. Heilalínurit er lífmerki sem endurspeglar ástand heilastarfseminnar. Þannig eru heilarit til dæmis í einstaklingum með minnistengda sjúkdóma mismunandi og öðruvísi en í heilbrigðu fólk.“

Hverju breytir þetta fyrir samfélagið og einstaklinga sem greinast með minnistengdum sjúkdómum? „Í nánustu framtíð má ætla að þetta verði einfaldari og ódýrari kostur en þær aðferðir sem hafa verið notaðar hingað til. Aðeins þarf að taka heilalínurít og senda það á okkur til greiningar. Þá verður jafnvel hægt að skima ákveðna hópa, eftir aldri eða áhættuþáttum. Í kjölfarið mun snemmgreiningum fjölga og líkur aukast á að finna lyf sem virka betur. Fyrir sjúklinga getur það verið léttir að vita hvað er í gangi sem fyrst og breytir miklu upp á að gera viðeigandi ráðstafanir í lífi sínu með meiri fyrirvara, eins og að ræða við aðstandendur. Þá geta breytingar á lífsstíl verið nauðsynlegar, en svefn og mataræði eru stórir áhrifaþættir í sambandi við minnistengda sjúkdóma. Með tækninni er líka hægt að greina hvort lyf séu að virka eða ekki, en það kemur skýrt fram á heilalínuriti.“

Í dag er aðferðin notuð á Landspítalanum en Mentis Cura mun í næsta mánuði opna greiningarmiðstöð. „Þá getur fólk farið til heimilislæknis og óskað eftir að koma í greiningu til okkar. Það er svo okkar von að þetta rati inn í tryggingakerfið og verði partur af venjulegu eftirliti í heilbrigðiskerfinu.“

SKJÓT GREINING
 Aðeins þarf um fimm mínútna búið af heilalínuriti einstaklings til að greina ýmsa sjúkdóma sem tengjast starfsemi heilans. Frá vinstri, Kristinn Grétarsson framkvæmdastjóri og Gísli Jóhannesson í heilaritanum ásamt Kristni Johnsen, stofnanda Mentis Cura.
 MYND/VILHELM

ÚTSALA HAFIN!
 MARINA RINALDI MaxMara
 B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN
 Skipholti 29b • S. 551 0770

Þjáist þú af Mígreini
 eða einhver sem þú þekkir



Nýtt á Íslandi
 Náttúrulegt vítamín fæðubótarefni ætlað migrenisjúklingum fæst án lyfseðils.

Visindalega sannað að MigreLief gagnast við migreni

Fæst í Lyfjaborg
 Borgartúni 28 - Sími 553-8331
LYFJABORG
 - sjálfstætt apótek

Umboðsaðili á Íslandi: Vitex ehf - www.vitex.is

LJÚFFENGIR HEILSUDRYKKIR

Fyrir jólin kom út bókin *Safaríkt líf – ljúffengir heilsudrykkir eftir Þorbjörgu Hafsteinsdóttur* þar sem er að finna þessa hressandi safu.

Bókaútgáfan Salka gaf bókina út en í henni er að finna marga heilsusamlega drykki sem gefa orku og vítamín nú yfir háveturinn. Hér er þrjú orkuskot fyrir lesendur.

KLETTASALATSKOT
 100 g klettsalat
 Sett í gegnum safapressu og drukkið strax. Stundum þarf að endurtaka pressunina.

Fróðleiksmoli
 Þetta skot er fullt af sólskini, plöntuefnum, fólínsýru, magnesíni, C-vítamíni, andoxunarefnum og klorofyli. Allar frumur líkamans munu dilla sér af gleði. Bitra bragðið í klettsalatinu örvar lífrina og hjálpar henni í afeitrunarferlinu.

STEINSELJU- OG GULRÓTASKOT
 100 g steinselja



3 gulrætur
 Ef þú átt hina einu sönnu safavindu legg ég til að þú rennir steinseljuni í gegnum hana. Annars geturðu notað safapressuna með því að leggja steinseljuna á milli gulrótanna en þær fara auðveldlega í gegnum pressuna.

Fróðleiksmoli

Steinselja skapar fram úr hvar sem á er lítið. Hún er uppfull af réttum vítamínum og steinefnum og inniheldur meðal annars mikið af C-vítamíni, A-vítamíni, magnesíni, fólínsýru og járn. Hún hjálpar nýrunum að passa upp á vökvajafnvægi líkamans og örvar meltinguna.

ENGIFERSKOT
 10 cm engiferrott
 ½ lítri kalt vatn
 Láttu allt ganga í blandaranum í nokkrar mínútur, sigtaðu síðan hratið frá. Nú er komið ofursterkt engifer-skot sem geymist í ísskápnunum í viku.

Fróðleiksmoli
 Engiferrott er bólgueyðandi og þess vegna góð til dæmis fyrir lið- og vöðvaverki, hún er líka sóttthreinsandi þegar við fáum hálsbólgu eða okkur er óglatt.

MOGUBHÁT
LUFTUM ÓMÁL
ALLA VIRKA
DAGA KA. 7



X

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 29. JANÚAR 2013



Það tínist hratt af lagerunum vestanhafs en hægar hérlendis.

Róleg byrjun á Íslandi en kröftug í Bandaríkjunum

Salan í Bandaríkjunum 8% meiri í janúar en langt undir pari á Íslandi.

Nýja árið hefst ekki á samskonar hátt í bílasölu hérlendis og í Bandaríkjunum. Fram til 25. janúar hafa aðeins selst 385 fólksbílar hér og þó að salan færi eitthvað yfir 400 bíla í mánuðinum mun salan ekki ná meðalsölu hvers mánaðar í fyrra. Í fyrra seldust um 7.900 bílar, eða um 660 bílar á mánuði.

Hafa verður þó í huga að sala á bílaleigubílum er líklega í lágmarki í byrjun hvers árs, en tekur stökk á vorin. Í Bandaríkjunum er salan 8% meiri en í janúar í fyrra, en bílasala þar vestanhafs í fyrra var mjög góð og þar seldust 14,5 milljónir bíla. Ef salan nú heldur áfram sem horfir gæti hún náð yfir 15 milljónum bíla. Því

var reyndar spáð í byrjun árs. Í Bandaríkjunum eru fyrstu tveir mánuðir ársins oftast þeir slökustu í sölu, en vöxturinn frá því í fyrra samt umtalsverður. Vestanhafs hefur Ford og Chrysler gengið mjög vel það sem af er árs og búist við yfir 16% söluaukningu hjá þeim báðum er núverandi mánuður verður gerður upp.

Rafmagnsbílar á útsölu

Þeir bílaframleiðendur sem selja rafmagnsbíla eiga flestir í vanda að finna kaupendur. Ford er einn þeirra en fyrirtækið hefur boðið Ford Focus-rafmagnsbíl í nokkurn tíma. Ekki hefur betur tekist til við sölu hans en svo að heildarsalan í fyrra var einungis 685 bílar.

Ford hefur nú brugðist við því með því að lækka bílinn um 4.000 dollara. Þó virðist enn hagstæðara að taka hann á rekstrarleigu til þriggja ára því leigan hefur lækkad sem nemur 10.750 dollurum. Þannig má leigja hann fyrir 285 dollara á mánuði, eða 36.700 kr. og aka honum allt að 17.000 kílómetra á ári.

Nissan hefur átt í sama vanda



Ford Focus rafmagnsbíllinn

með Leaf-rafmagnsbíl sinn og hefur boðað 18% lækkun á 2013 árgerð hans. Hann mun kosta 28.800 dollara, eða 3,7 milljónir króna. Það er ekki hátt verð fyrir rafmagnsbíl og einsýnt að Nissan græðir ekki mikið á sölu hvers bíls heldur tapar líklega á hverju seldu eintaki.

ÍRAR GÆTU LEYFT HÓFLEGA DRYKKJU

Flest lönd hafa hert reglur er varða hámarksvínanda í blóði ökumanna, en uppi er hugmynd á Írlandi sem gengur í þveröfuga átt. Írskur þingmaður hefur miklar áhyggjur af einangrun gamals fólks á landsbyggðinni. Hann telur að harðar reglur gegn

akstri undir áhrifum geri það að verkum að gamla fólkið sitji heima frekar en að sækja þann eina félagsskap sem það margt hvert hefur möguleika á, það er á pöbbinn. Því sé alveg ómögulegt að því leyfist ekki að aka bílum sínum þaðan og heim eftir að hafa skvett í sig örfáum björum. Þingmaðurinn vill aðeins leyfa rýmri reglur á ákveðnum svæðum í landinu, þar sem vandi þessa fólks er sem mestur í dreifðari byggðum. Hann telur einnig að takmarka ætti hámarkshraða þann sem leyfður yrði hjá þeim sem lögin tækju til við 20 til 30 mílur, eða 35-50 kílómetra hraða. Ekki eru allir sammála tillögu þingmannsins ágæta, en hann á örugglega nokkuð fleiri vini á landsbyggðinni nú en áður en hann bar fram þessa sérstöku tillögu.



HAGKVÆM BÍLAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður nú kaupleigu og bílalan til að fjármagna bílakaup. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

ÁRSADILD AÐ FÍB FYLGIR ÖLLUM SAMNINGUM

Á arionbanki.is finnur þú reiknivél sem sýnir með einföldum hætti muninn á þeim valkostum sem í boði eru.

MINNI LOFTMÓTSTAÐA

dregur úr eldsneytiskostnaði. Skíðabogar, farangursbox og skraut auka loftmótstöðuna.



 Arion banki

REYNSLUAKSTUR – TOYOTA AURIS



SÍMENNTUNARVIKA Á AKUREYRI

Raunfærni- mat

Kynningarfundur vegna raunfærnimats

Hefur þú starfað í iðngrein í 5 ár eða lengur en ekki lokið tilskyldu námi?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn miðvikudaginn 30. janúar kl. 17.00 í húsnæði Símeysjar, Þórsstíg 4, 600 Akureyri.

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á SIMEY.IS



Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á www.simey.is



IDAN
fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

Laglegri og betri ný kynslóð af Auris

Rúmmeiri og mikið bætt akstursgeta - hybrid-útfærsla bílsins öflugust

Ný kynslóð Toyota Auris var kynnt blaðamönnum fyrir stuttu í strandbænum Cascaís suður af Lissabon, höfuðborg Portúgals. Toyota Auris er í C-stærðarflokki og á hann 3 minni bræður af Toyota-gerð, IQ, Aygo og Yaris, en næsti bíll fyrir ofan hann að stærð er Corolla. Um talsvert breyttan bíll er að ræða og mun fallettri en síðustu kynslóð hans. Toyota hefur sagt ætla að hverfa frá afturhaldssamri og átakalítilli hönnun á bílum sínum og gerast djarfari og marka skarpari línur. Það hefur að nokkru tekist með ytra útliti Auris, hann er talsvert fríðari en djörfung er kannski ekki fyrsta orðið sem kemur í hugann þegar hann er barinn augum. Auris hefur verið vinsæll bíll frá því hann fyrst leit dagsljósið árið 2006 og ári seinna í Evrópu. Hann hefur alls selst í 5 milljónum eintaka og í fyrra seldust 189 eintök hans hér á landi, sýnu fleiri með bensínvél en dísilvél. Það gæti breyst í ár.

Góð dísilvél en hybrid öflugastur

Sjaldgæft er að þrjár vélargerðir séu í boði í prufunum en Auris var prófaður með bensínvél, dísilvél og hybrid-útfærslu. Tvær þeirra komu mjög vel út en ein síður. Dísilvélin er 1,4 lítra og skilar 90 hestöflum. Hún togar mjög vel og aflið er merkilega gott fyrir ekki stærri vél. Bensínbíllinn var með 1,33 lítra og 100 hestafla vél. Með henni er bíllinn ansi latur og uppfyllir seint kröfur ökumanna sem ekki vilja ávallt silast áfram í umferðinni. Aflmesti bíllinn var hybrid-útgáfa Auris með 1,8 lítra bensínvél með tvinn-tækni sem skilar 136 hestöflum. Það þarf þó ekki að þýða að hann sé besti akstursbíllinn því þyngd hans dregur úr hæfninni og dísil-



útgáfan með sprækri en lítilli vél er sá liprasti þeirra að mati greinar-skrifara. Hybrid-bíllinn er með uppgefna fáheyrða eyðslu upp á 2,1 lítra á hverja hundrað kílómetra. Leit er að öðru eins. Bíllinn með dísilvélinni niðist ekki heldur beint á náttúrunni því uppgefin meðaleyðsla hans er 3,8 lítrar, en 5,4 lítrar með litlu bensínvélinni. Bensínbíllinn er líka umtalsvert ódýrastur þeirra og munar 300.000 krónum á honum og ódýrasta dísilbílnum.

Lipur akstursbíll sem hefur batnað

Talsverðu hefur verið breytt frá fyrri kynslóð sem eykur aksturs-hæfni hans. Bíllinn er 50 kg léttari, hefur lækkað um 5,5 cm og sætisstaðan um 4 cm. Því er þyngdarpunkturinn umtalsvert neðar. Hann er með nýjan undirvagn og fjöðrun, er allur stífari og betur hljóðeinangraður. Fyrir vikið er bíllinn mun betri og liprari í akstri og var þó forverinn enginn stíðbusi. Ánægjulegt var að henda honum eftir oft og tíðum hlykkjóttum vegum smábæja og vogskorinni ströndinni. Auris er ferlega einfaldur og ljúfur í keyrslu og grær utan um

ökumann. Ekki versnar það þegar komið er á meiri hraðakstursvegi og eru fáir bílar af þessari stærð eins stöðugir á vegi á dagóðri ferð. Athygli vakti einnig að bíllinn náði meira en uppgefnum hámarkshraða og fór einkar vel með það á góðum hraðakstursvegi. Ein stærsta og jákvæðasta breytingin milli kynslóða er nákvæmara stýri sem svarar ökumanni betur. Auris má bæði fá með beinskippingu og CVT-sjálfskippingu. Beinskippingin er fin og lipur í notkun en ekki hefur enn tekist að gera CVT-sjálfskippinguna nógu góða til að hún komi til greina fram yfir bíllinn beinskíptan. Hún hefur til dæmis þann ókost að ef þarf að flýta sér hækkar snúningurinn endalaust og hávaðinn eftir því. Viðbrögðin er oftast þau að fara af bensín-gjöfinni og þá er gamanið dálítið búið.

Lygilega rúmgott innanrymi

Að innan er Auris sniðugt hannaður og rúmmikill. Fótarými aftur í hefur lengst um 2 cm og skottið er heilir 360 lítrar, þökk sé sniðugri hönnun. Það á einnig við hybrid-bíllinn, því batteríin sem tóku af skottinu 120 ▶



Toyota Auris

► Lítra áður eru nú komin undir sætin. Innréttingin er hagnýt og hún og mælaborð ári laglegt en í heild er innréttingin í meðallagi í fegurð sökum slakari efnisnotkunar en hjá mörgum samkeppnisbílum hans. Allt er greinilega vel smíðað sem ávallt hjá Toyota, en viss hráleiki streymir frá innréttingunni sökum þessa. Taka þarf sérstaklega fram að það á

hvorki við hybrid-bílinn né dýrustu útfærslur á innréttingum hinna bílanna. Það er ekki að efa að Auris mun vegna vel sem fyrr, en hann á samt í höggi við marga ágæta bíla í sama stærðarflokki, svo sem Volkswagen Golf, Ford Focus, Kia Cee'd, Hyundai i30, Mazda3, Honda Civic, Opel Astra, Renault Megane og Citroën C4, svo einhverjir séu nefndir.

KOSTIR:
Merkilega rúmur að innan
Mikið bætt akstursgeta
Spræk dísilvél

ÓKOSTIR:
Efnisnotkun í innréttingu
CVT-sjálfskiptingin

Benz, Ford og Nissan þróa saman vetnisbíla og bjóða fleirum með

Í gær var skrifað undir samstarfssamning milli þessara þriggja stóru bílaframleiðenda um þróun og framleiðslu á vetnisbílum sem koma eiga á markað árið 2017. Framleiðendurnir segja að þessi samningur marki tímamót í markmiðum þeirra að framleiða bíla sem menga ekki neitt. Í honum felist skýr skilaboð til ráðamanna, bílamarkaðarins og birgja um þá stefnu sem þau hafa tekið. „Við höfum aldrei verið eins nálægt byltingarkenndri þróun vetnisbíla og nú með þessu samstarfi,“ sögðu stjórnendur bílaframleiðendanna. Framleiðendurnir þrjú ætla að smíða a.m.k. 100.000 vetnisbíla í þessu samstarfi og allir aðilar leggja til jafnt fjármagn. Í síðustu viku kynntu Toyota og BMW sams konar samstarf um þróun vetnisbíla. Því virðist sem bílaframleiðendur séu þessa dagana að makka sig flestir saman til að dreifa hinum mikla þróunarkostnaði sem óhjákvæmilegur er. Renault á möguleika á að ganga inn í samstarf Benz, Ford og Nissan vegna tengsla sinna við Nissan og enn fleiri framleiðendur gætu bæst við því framleiðendurnir þrjú vilja halda því mjög opnu.



RENAULT KYNNIR JEPPLING

Franski bílasmiðurinn Renault hefur ekki tekið neinn þátt í samkeppninni á sívaxandi markaði fyrir jepplinga en nú skal gera bragarbót á því. Renault ætlar að kynna til leiks þennan jeppling á bílasýningunni í Genf í mars og hefur hann fengið nafnið Captur. Hann verður smíðaður á sama undirvagni og Renault Clio-fólksbíllinn. Vélarkostirnir í Captur verða líklega þeir sömu og eru í boði í Clio, eða 0,9 lítra og 1,2 lítra bensínvélar með túrbínu og 1,5 lítra dísilvél. Sex gíra sjálfskipting með tvöfaldri kúplingu tengir síðan vélina við drifrásina. Bíllinn verður smíðaður í Valladolid á Spáni. Það er vonandi að þessi knái jepplingur hjálpi Renault að bæta afkomuna, sem hefur ekki verið góð undanfarin misseri.



CHEVROLET CAPTIVA:

„Ég á heima á Íslandi“

Chevrolet Captiva sportjéppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans og akstursánægju við erfiðustu aðstæður. Hann bregst við náttúruöflunum eins og innfæddur. Þess vegna er hann einn vinsælasti jéppinn á landinu. Íslendingar þekkja Captiva; hann á heima á Íslandi!



Chevrolet Captiva LT Verð kr. 6.890 þús.
Chevrolet Captiva LTZ Verð kr. 7.390 þús.

Hluti af staðalbúnaði Captiva LT: 2.2L / 184 hestafla vél • 7 sæta • 17" álfelgur • 6 þrepa sjálfskipting • Bluetooth samskiptakerfi • Brekkubremsa Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn • Aðgerðarstýri • Rafmagn í rúðum og hliðarspeglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aksturstölvla Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu • Fjaropnun á afturhlera • Upphitanlegir hliðarspeglar • Nálægðarskynjarar í afturstuðara og fleira og fleira.

Aukalega í Captiva LTZ: Leðuráklæði á 7 sætum • Rafmagn í sætum • Topplúga • 18" álfelgur • 8 hátalarar • Dökkar afturrúður • Titanium litaðir þakbogar og hurðahúnar • Hreinsibúnaður á aðalaljósum • Állitúð hlífðarpanna • Nálægðarskynjari í framstuðara

Velkomin í Chevrolet salinn
Opíð virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl. 12-16

**Bilabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum



Mikið tap var á rekstri Ford í Evrópu í fyrra.

FORD JAFNAR SIG HRAÐ- AR EN GM Í EVRÓPU

Þrátt fyrir að Ford hafi tapað miklu á sölu bíla sinna í Evrópu á síðastliðnu ári eru öll teikn á lofti um að fyrirtækið verði mun sneggra að minnka tapið en General Motors. Ford mun að líkindum snúa tapi í núllrekstur eða hagnað árið 2014, en það mun GM ekki takast fyrr en í fyrsta lagi ári seinna. Ford ætlar að bjóða margar gerðir bíla sinna í Evrópu á næstunni sem ekki hafa sést þar víðast hvar áður, eins og Mustang, Edge og EcoSport-jeppling. Stutt er í heildaruppgjör Ford fyrir síðasta ár og verður það mjög gott þrátt fyrir tapreksturinn í Evrópu.



Kraftaleg útfærsla á Kia cee'd.

KIA CEE'D GT – 204 HESTÖFL

Á bílasýningunni í Genf í mars mun Kia kynna kraftaútfærslu af magnsölubílnum Kia cee'd, sem selst hefur ágætlega hér á landi. Hann er með 1,6 lítra bensínvél með túrbínu og 204 hestöfl. Hann skartar auk þess 18 tommu álfelgum, Recaro-sætum, LED-ljósum, tvöföldu pústkerfi og aðeins 2 hurðum eins og sönnum sportbíl sæmir. Kia cee'd GT verður innan við 8 sekúndur í hundraðið. Bíllinn er talsvert frábrugðinn venjulegum Kia cee'd að ytra útliti en hann var teiknaður í hönnunarstúdíói Kia í Frankfurt í Þýskalandi. Aðalhönnuður hans, eins og annarra Kia-bíla, var Peter Schreyer. Bíllinn verður hins vegar smíðaður í Slóvakíu og framleiðslan hefst í maí.



PAGANI HUAYRA BÆTTI BRAUTARTÍMA TOP GEAR

Nýjasta þáttaröð Top Gear hóf göngu sína á BBC 2 í Bretlandi um síðustu helgi og eitt af því sem þar bar fyrir augu var nýtt brautarmet á hinni sérstöku hraðakstursbraut Top Gear. Það var ofurbíllinn Pagani Huayra sem það gerði og nýja metið er nú 1 mínúta og 13,8 sekúndur. Metið tók Pagani-bíllinn af Ariel Atom V8 500 og bætti það um 1,3 sekúndur. Að sjálfsögðu var það sérlegur hraðaksturs-ökumaður Top Gear-þáttanna, „The Stig“, sem ók bílnum.

FYRSTU MYNDIR AF NÝJUM KIA

Kia mun kynna nýjan og sportlegan bíl á bílasýningunni í Genf í byrjun mars og lofa myndir af honum góðu. Kia hefur sjálft látið þær í té til að auka aðeins spennuna fyrir honum.

Þessum bíl er meðal annars ætlað það hlutverk að keppa við Nissan Juke-jepplinginn og er ekki ósvipað form á þeim tveimur. Bíllinn virðist liggja einhvers staðar á milli stallbaks og jepplings og útlitið hans er skemmtilega djarft og framsækið. Fleiri upplýsingar um bíllinn, svo sem um vélbúnað, liggja ekki fyrir og bíða sýningarinnar í Genf.

Af myndunum að dæma er enginn B-póstur í bílnum fyrir aftan hurðirnar og afar smár gluggi þar fyrir aftan, eins og títt er með sportbíla. Afturendi bílsins er ári bólginn kringum afturhjólina og skottlínan há. Grillið á bílnum er talsvert frábrugðið öðrum Kia-bílum. Nýrnalaga formið heldur sér þó en er mjög teyggt og mjótt. Í heildina má segja að erfitt sé að greina að þetta sé bíll frá Kia, en gefur ef til vill tóninn um það sem frá kóreska framleiðandanum kemur á næstunni. Það væri ekki til tjóns ef marka má myndirnar.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR AURIS HYBRID SKAPAÐUR FYRIR ÞIG



FRUMSÝNUM NÝJAN AURIS HYBRID Á MORGUN MILLI KL. 12 OG 16

Nýr Auris Hybrid er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitsamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Hybrid-kerfið tvinnar saman rafmótor og bensínvél sem notar aðeins 3,8 lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Sjó loftþúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á morgun kl. 12-16 og skoðaðu nýjan Auris Hybrid sem er eins og skapaður fyrir þig.

Verð 4.690.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is. Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

HYBRID



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

KOMDU MELTINGUNNI Í LAG

ICECARE KYNNIR Lepicol hjálpar þér að halda þörmunum heilbrigðum. Lepicol er fyrirbyggjandi við hægðavandamálum og hægt að meðhöndla vandamálið með því.

Lepicol inniheldur trefjar (psyllium Husk) og vinveitta gerla (inulin og probiotics).

Trefjar, ásamt mjólkursýrugerlum, eru nauðsynlegar svo að meltingin haldist í jafnvægi og hægðirnar verði eðlilegar.

„Ég fékk ristilkrabbamein fyrir mörgum árum og síðan hef ég glímt við iðrabólgu sem lýsir sér sem stöðugur niðurgangur. Eftir að ég byrjaði á



Gerður Guðjónsdóttir mælir með Lepicol.

Lepicol hef ég náð bata á iðrabólgunni og nú eru hægðirnar loksins orðnar eðlilegar,“ segir Gerður Guðjónsdóttir sem notað hefur Lepicol með góðum árangri.

„Lepicol hefur hjálpað mér mikið og ég mun hiklaust halda áfram að nota það.“

Í Lepicol eru fimm mismunandi gerlastofnar. Fólk með óþol fyrir mjólk og soja getur notað vöruna þrátt fyrir að Lepicol innihaldi snefil af mjólk og soja. Það er í svo litlu magni að það hefur ekki áhrif á fólk sem hefur mjólkuróþol. Einnig er í lagi fyrir barnshafandi konur og börn að nota Lepicol. Þó er ráðlagt að foreldrar barna undir ellefu ára ráðfæri sig við fagfólk áður.

Lepicol Plús inniheldur trefjar (psyllium husk) og vinveitta gerla (inulin og probiotics), ásamt meltingarensímum sem örva meltinguna.



LEPICOL

1-2 tsk. fyrir mat, hrært út í glas af vatni eða ávaxta-safa og drukkið strax. Einnig er gott að setja það út á morgunkorn, jógúrt eða blanda í sjeik. Drekkið vel af vatni með.

Má taka einu sinni til tvisvar á dag. Lepicol er auðvelt og þægilegt í notkun, án glútens, hveitis, fýtats, rotvarnarefna og litar- og bragðefna.



BIO KULT CANDÉA VIRKAR FYRIR MIG!

Bio Kult Candéa er fyrirbyggjandi gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi.

Ég er ein af þeim sem les öll ummæli um hin ýmsu „kraftaverkalyf“ og tek mátulegt mark á því.

En eftir að hafa heyrt af einni konu sem var byrjuð að taka inn Bio Kult Candéa og leið svo vel af því ákvað ég að prófa. Ég byrjaði á því að taka tvö hylki daglega fyrir morgunmat en það var ekki alveg að henta mér, þannig að ég gafst upp og gleymdi kassanum í eldhússkápnnum heima hjá mér. Ég rakst á kassann í skápnnum í desember síðastliðinn og ákvað að prófa aftur og sé ekki eftir því.

Eftir að hafa lesið fleiri umsagnir um Bio Kult Candéa ákvað ég að byrja á því að taka hylkin aftur og auka þau í fjögur hylki á dag og núna tek ég þau öll með kvöldmatnum.

Ég hef verið að safna á mig bjúg um þó nokkurt skeið og ekki litist á en núna er bjúgurinn alveg horfinn. Eins hef ég verið veik í maga síðan ég var barn og alltaf verið með ristilvandamál sem ég finn ekki fyrir núna. Húðin hefur meira að segja lagast.

Ég finn að Bio Kult Candéa er eitthvað sem ég verð að taka áfram og má alls ekki hætta að taka.

Bio Kult Candéa er komið inn í „systemið“ hjá mér, bara rétt eins og það að tannbursta sig.

Ég mæli hiklaust með Bio Kult Candéa.

Helga Árnadóttir
47 ára



HUNGRIGÐ HVERFUR OG KÍLÓIN FJÚKA

ICECARE KYNNIR Finnur þú oft fyrir svengdartilfinningu eða hefur mikla sykurþörf? Zotrim-jurtatöflur geta hjálpað í baráttu við aukakílóin.

Þeir sem hafa tekið inn Zotrim-jurtatöflur eru á einu máli um að þær hafi virkað vel á hungurtilfinningu og sykurþörf. Zotrim-jurtatöflurnar minnka matarlyst og ósjálfrátt fer fólk að borða minna og léttist um leið. Maginn minnkar og bumban hverfur. Zotrim eyðir hungurtilfinningu þannig að nasl á milli mála heyrir sögunni til. Margir hafa tekið inn Zotrim með góðum árangri og eru þeir fúsir til að deila reynslusögum sínum.

Auður Gunnarsdóttir segist hafa prófað marga megrunarkúra en án árangurs. „Ég svaf illa og mér leið ekki vel. Vinkona mín benti mér á Zotrim-jurtatöflurnar og ég ákvað að prófa þær. Mér leist vel á Zotrim og nýtti mér þær til að breyta um lífsstíl þar sem megrun virkar ekki fyrir mig. Núna hef ég tekið inn Zotrim í sjö vikur og hef misst 4½ kíló. Mér líður miklu betur, finn fyrir aukinni orku bæði líkamlega og andlega og er laus við alla nartþörf. Ég er virkilega ánægð með árangurinn.“

Halldór Gunnarsson ákvað að prófa Zotrim-jurtatöflurnar til að léttast.

„Fyrstu dagana fann ég engan mun á mér en fór síðan að taka eftir að ég var aldrei svangur á milli mála. Skemmst er frá því að segja að á fyrsta einum og hálfu mánuðinum léttist ég um sjö kíló og er kominn niður um tvær

beltastærðir. Það skemmtilegasta er að ég hef ekki breytt neinu varðandi hreyfingu en hef náð að skera burt allan óþarfa í mataræðinu. Öll löngun í sætindi og aðra óhollustu er horfin, engin þörf á narti á milli mála. Ég tek þrjár Zotrim-töflur nokkrum mínútum fyrir morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Ég borða sex sinnum á dag en allar máltíðir eru minni en áður. Zotrim-jurtatöflur er frábær vara sem ég mæli algerlega með og mun halda áfram að nota.“

Regína Róbertsdóttir fann fljótlega aukna orku eftir að hún byrjaði að taka Zotrim auk þess sem hún hætti að narta á milli mála. „Fyrst fann ég að bjúgur sem ég hafði glímt við minnkaði en síðan losnaði ég alveg við hann. Það er gaman að segja frá því að ég hef svo miklu meiri orku og er bæði hressari andlega og líkamlega. Þegar ég leggst á koddann á kvöldin sofna ég strax og þarf því ekki að nota svefnlyf eins og áður. Ég hef lést um 10,1 kg og ummálið hefur minnkað um 66,5 cm, sem er æðislegt.

Núna borða ég það sem mig langar í, bara miklu minna, og lítið eða ekkert á milli mála. Mér líður betur eftir að ég byrjaði að nota Zotrim og mun nota það áfram!“

Zotrim fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Lifandi markaði og Krónunni.

GÓÐUR ÁRANGUR
Regína Róbertsdóttir hefur náð miklum árangri í baráttunni við aukakílóin með því að taka inn Zotrim-jurtatöflur.





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og úttarar bróður okkar og mágs,

GUÐMUNDAR REYNIS JÓHANSSONAR.

Einnig viljum við þakka starfsfólki líknardeildar Landspítalans Kópavogi og starfsfólki á deild 11E Landspítalanum við Hringbraut fyrir góða umönnun og hlýju.



Hildur Jóhannsdóttir
Jón Bjarni Jóhannsson
Lóa Björg Jóhannsdóttir

Anna Benediksdóttir
Bergsteinn Karlsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GUÐMUNDUR SÆVAR LÁRUSSON
Staðarhrauni 5,
Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 23. janúar. Útför verður frá Grindavíkirkirkju föstudaginn 1. febrúar klukkan 13.00.



Ása Ágústsdóttir
Sólveig Steinunn Guðmundsdóttir
Hannibal Óskar Guðmundsson
og barnabörn.

Sigurður Bergmann
Diana Óskarsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁGÚSTA EIRÍKSDÓTTIR
frá Dröngum,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 27. janúar.



Fyrir hönd aðstandenda,
Ragnheiður Magnúsdóttir
Guðný Margrét Magnúsdóttir
Ingibjörg Magnúsdóttir
Jón Gunnar Magnússon

Sverrir Þórðarson
Pétur Siguroddsson
Einar Pétursson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN JÓNSSON
fyrirum bóndi á Melum í Hrátafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00.



Þóra Ágústsdóttir
Jón Hilmar Jónsson
Ágúst Frimann Jónsson
Helga Jónsdóttir
Ingunn Jónsdóttir
Elisabet Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Karvelsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Ólafur Þorsteinsson
Ísar Guðni Arnarson
Sigurgeir Ólafsson
Karl Kristján Ásgeirsson



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

INGIBJARGAR JÓHANNSDÓTTUR
frá Ökrum,
Ánahlið 16, Borgarnesi.



Gunnar Þór Ólafsson
Dagný Þorsteinsdóttir
Þórir Jökull Þorsteinsson
Böðvar Bjarki Þorsteinsson
Kolbeinn Þorsteinsson
Guðný Ása Þorsteinsdóttir



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför fösturmóður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

INGVELDAR ÁSMUNSDÓTTUR
Höfða, Akranesi,
áður Vesturgötu 80.



Sérstakar þakkir færurum við starfsfólki dvalarheimilisins Höfða fyrir einstaka umönnun í veikindum hennar og hlýju í okkar garð.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðmundur Garðarsson.



Elskuleg móðir okkar,
SIGURBJÖRG PÉTURSDÓTTIR
frá Fagrahvoli, Hellissandi,
Gyðufelli 16, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 26. janúar síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.



Elinbjörg Kristjánsdóttir
Ásgerður Ágústa Kristjánsdóttir
Jóna Fanney Kristjánsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HÉÐINN ÁGÚSTSSON
Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 21. janúar síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. janúar kl. 13.00.



Gylfi Ómar Héðinsson
Hörður Héðinsson
Rut Marsibil Héðinsdóttir
Páll Vignir Héðinsson
Ágúst Héðinsson
barnabörn og langafabörn.

Svava Árnadóttir
Berglind Bendtsen
Þorkell Einarsson
Gunnhildur Kjartansdóttir
Baldvina Snælaugsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ÞÓRA BIRGIT BERNÓDUSDÓTTIR
Brimhólbraut 17, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum laugardaginn 26. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kvenfélagið Líkn.



Sveinn Halldórsson
Ágústa Berg Sveinsdóttir
Bernóus Sveinsson

Gunnar Árni Vigfússon
Kristín Björg
Kristjánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg systir okkar og frænka,
GUÐBJÖRT GUÐRÚN ERLENDSDÓTTIR
Lómasölum 2, Kópavogi,

lést á Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 23. janúar síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Hlíf Erlendsdóttir
Guðfinnur Erlendsson
Jóhanna Elly Sigurðardóttir
Erlendur Jónsson

Júlíus Sigurðsson
Alda Ögmundsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför eiginkonu minnar og móður okkar,

KRISTJÖNU ELÍSABETAR
KRISTJÁNSDÓTTUR
Brúnavegi 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík á hjúkrunardeild H-1.



Guðlaugur Gíslason
Guðmundur Guðlaugsson - Gísli Steinn Guðlaugsson



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,
KARÓLÍNA FRÍÐRIKA
HALLGRÍMSDÓTTIR
Laugarvegi 33, Siglufirði,

sem andaðist 23. janúar, verður jarðsöngin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 14.



Ólöf Þórey Haraldsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir
Árni Haraldsson
Eyþór Haraldsson
Árni Þór Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásgeir Sigurðsson
Erlingur Björnsson
Ragnheiður Árnadóttir

Þeim sem vildu minnst hennar er vinsamlega bent á Björgunarsveitina Stráka, reikn. 1102-26-2717, kt. 551079-1209.



VALGERÐUR „Svo er mikill velvilji hjá almenningi að styðja við okkur og það gerir starfið árangursríkt,“ segir formaður kvenfélagsins Hringsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjarta okkar slær hjá veikum börnum

Á tíu ára afmælisfagnaði Barnaspítala Hringsins nýlega kom fram að kvenfélagið Hringurinn hefði látið 118 milljónir af hendi rakna til hans á síðasta ári.

„Hringurinn hefur alltaf staðið við bakið á barnspítalanum en framlagið til hans á síðasta ári var óvenju hátt vegna sérstakrar gjafar sem við fengum upp á sjöttu milljónir,“ útskýrir Valgerður Einarsdóttir, formaður kvenfélagsins Hringsins, spurð hvernig einu kvenfélagi takist að safna á annað hundrað milljóna á einu ári. „Við erum margar, 345 konur, og í þeim hópi ríkir samkennd og kapp. Svo er mikill velvilji hjá almenningi að styðja við okkur og það gerir starfið árangursríkt. Þó að erfðleikar séu í þjóðfélaginu er eins og fólk þjappi sér saman.“

Söfnun Hringiskvanna hófst árið 1942 með það að markmiði að reistur yrði barnaspítali. Það tók langan tíma og var gert í áföngum að sögn Valgerðar. Hún segir margar fjáröflunarnefndir vera innan félagsins, jólakortanefnd, jólakaffi, jólahappdrætti og jólabasar, auk þess sem seld séu minningarkort árið um kring, í samvinnu við Barnaspítala Hringsins. „Við leggjum lið á allan þann hátt sem við getum.“ segir hún. „Hjarta okkar slær hjá veikum börnum á Íslandi, bæði á barnspítalanum og öðrum deildum og stofnunum.“ Valgerður hefur verið formaður

Hringsins í fjögur ár. Hún segir allt unnið í sjálfboðavinnu innan félagsins. „Konur leggja með sér það sem þarf, til dæmis efni í jólaföndur og meðlæti með kaffinu á basarfundum. En við reukum veitingastofu Hringsins á barnspítalanum á sérstakri kennitölu og þar eru þrjár starfskonur.“

Spurð hvort Hringiskonur geri eitthvað sér til gamans fyrir utan góðverkin svarar Valgerður: „Vinnan okkar er skemmtileg en við förum líka í ferðalög, bæði innan lands og utan, og höldum árshátíð. Það er allt gert á eigin kostnað.“

gun@frettabladid.is

STÖÐ 2 FÖSTUDAGSKVÖLD

20:10 MASTERCHEF ÍSLAND

Matreiðsla hefur aldrei verið
jafn spennandi!



Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar
og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

FEBRÚAR BRAGÐAST ENN BETUR Á STÖÐ 2

Njóttu þess að vera með Stöð 2 í skammdeginu. Ferskir og góðir rammíslenskir þættir fyrir alla fjölskylduna! Vertu ekki of súr á þorranum. Vertu með Stöð 2.



NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI**
OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð upphalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

STÖÐ 2 FÖSTUDAGSKVÖLD

19:45 TÝNDA KYNSLÓÐIN

Björn Bragi og Nilli gera allt vitlaust að vanda!



TÝNDA KYNSLÓÐIN

MEÐ BIRNI BRAGA



STÖÐ 2 LAUGARDAGSKVÖLD

18:55 HEIMSÓKN

Fólk með frábæran smekk býður Sindra í heimsókn.

STÖÐ 2 SUNNUDAGSKVÖLD

19:50 SJÁLFSTÆTT FÓLK

Jón Ársæll Þórðarson hjálpar þér að kynna
áhugaverðustu Íslendingunum betur.



FLYNN / SIA



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT

2. ómskoðun, 6. hróp, 8. fyrirboði, 9. kvk. nafn, 11. fyrir hönd, 12. flatfótur, 14. blóm, 16. skóli, 17. dyrafita, 18. andi, 20. tveir eins, 21. tangi.

LÓÐRÉTT

1. skóbotn, 3. sjúkdómur, 4. ósigur, 5. lík, 7. land í Evrópu, 10. írafár, 13. angan, 15. illgresi, 16. skammst., 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ómun, 6. óp, 8. spá, 9. íða, 11. þr, 12. ílsig, 14. lílja, 16. ma, 17. mör, 18. önd, 20. ff, 21. oddi.
LÓÐRÉTT: 1. sóli, 3. ms, 4. uppgjöf, 5. nær, 7. pólland, 10. así, 13. ilm, 15. arfi, 16. nór, 18. önd, 20. ff, 21. oddi.



NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI



„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

100/100

„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“



100/100

„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“



100/100

„Ógnvænlega vel gerð.“



Komin í bíó



Það er djamm!

BAKPANKAR
Erlu Hlynisdóttur

Er þú bara óléttuhormónin eða langar fleirum að grenja af gleði? Þetta voru fyrstu viðbrögð ólétrar konu á Facebook eftir að ljóst var að Ísland vann. (Ísland vann. Ísland vann. Já, mig langaði bara að skrifa það aftur.) En þetta voru aldeilis ekki óléttuhormónin. Fólk fékk gæsaþró, hoppaði, óskraði og spurði hvort búið væri að opna Vínbúðirnar. Á Rás 2 hljómaði „Ísland er land þitt“ og einhverjir drógu fána að hún. Nú er þjóðhátíð. Ísland vann.



ÉG er ein af þeim sem vildu bara semja. Ég hafði enga trú á dómstólaleiðinni. Kannski því ég tapa sjálf flestum dómsmálum. Nema reyndar þegar dómsmálin fara út fyrir landsteinana. Það hvarflaði einhvern veginn ekki að mér að Ísland stæði uppi sem sigurvegari í þessu umdeilda máli. Svona er ég bjartsýn að eðlisfari.

**MÁNUDAGUR-
INN** 28. janúar

2013 stimplaði sig rækilega inn í sögu-bækurnar. Þetta var enginn mánudagur til mæðu heldur mánudagur til gleði og villtra partíhalda. Í dag er fyrsti dagur nýrrar framtíðar. Héðan í frá fáum við ekki verk fyrir hjartað þegar minnst er á Landsbankann og við verðum ekki andstutt þegar talað er um innstæðu-tryggingar. Icesave-kaffibollinn sem hvert mannsbarn á landinu þekkir sem táknmynd Hrunsins er ekki lengur svo ógnvænlegur og gott ef hann hentar nú ekki best til að skála í kampavíni. Ísland vann.

SEM betur fer er þessi pistill meira en hálfnaður. Það er nefnilega ansi mikið að gera hjá mér. Kringlan er með útsölu og ég með kreditkort. Hvíti leðursófinn sem mig hefur langað í síðan 2009 er kominn á raðgreiðslur. Nýja sportútútgáfan af Range Rover er trufluð. Ætla að gefa dóttur minni iPad í skóinn í nótt svo hún hafi eitthvað að gera á morgnana, greyið, áður en hún fer í leikskólann. Hún þarf ekki að halda að þessi gjöf sé frá jólasveininum. Nei, hún skal þakka Ólafi Ragnari Grímssyni. Svo fær hún innrammaða mynd af honum til að hafa yfir rúminu sínu. En nú þarf ég að þjóta. Þessar evrur kaupa sig ekki sjálfar. London, baby – hér kem ég!

MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Stilltu Netbankann eftir þínum þörfum

Valur er sífelld að endurbæta og leita nýrra lausna. Hann er í þróunarteymi Netbankans.



Meiri hraði og betra viðmót í Netbankanum

Netbanki Íslandsbanka er í stöðugri þróun. Nýjustu endurbætur á viðmóti og virkni Netbankans gera þér kleift að sinna bankaviðskiptum með einfaldari hætti en áður.

Þú stillir upphafssiðu Netbankans eftir þínum þörfum, velur þá liði sem þú vilt hafa sýnilega og kemst með einum smelli inn í helstu aðgerðir.

Helstu kostir

- Betri sýn á fjármálin
- Þú stillir viðmótið
- Auðveldari millifærsla
- Einfaldara leiðakerfi
- Sýnileg sparnaðarmarkmið
- Lýsandi heiti reikninga og korta
- Greiðsla reikninga fljótlegri og þægilegri

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Auðæfi og aldarspegill

Varðveisla og skráning gagna sem tengjast Halldóri Laxness er umræðuefni málþings sem safnið á Gljúfrasteini efnir til í Norræna húsinu 31. janúar. Fríða Björk Ingvarsdóttir bókmenntafræðingur veit meira.

Við viljum vekja athygli á mikilvægi þess að skrá þann menningararf sem tengist Halldóri Laxness. Hann liggur víða og í honum felast mikil auðæfi,“ segir Fríða Björk Ingvarsdóttir, stjórnarformaður Gljúfrasteins, um efni málþings í Norræna húsinu á fimmtudaginn milli klukkan 13 og 16. „Þó að við séum að skrá hluti á Gljúfrasteini, muni, myndir, innbú, handrit og bækur, þá er annar hafsjør til. Upplestrar Laxness á bókum, viðtöl við hann, sjónvarpsviðtöl, sjónvarpsmyndir, kvikmyndir og sjónvarpsþættir eftir bókunum hans. Í þessu efni liggur mikill aldarspegill,“ segir Fríða Björk og tekur fram að þó sjónum verði beint að lífsstarfi Laxness geri aðstandendur málþingsins sér vonir um að umræðan muni gagnast í stærra samhengi.

„Ástæðan fyrir því að við förum að hugsa um hvernig þessi mál stæðu í heild er sú að á síðasta ári stóð Gljúfrasteinn fyrir kvikmyndahátíð sem var helguð Halldóri í tilefni af því að þá voru liðin 110 ár frá fæðingu hans. Flestir mundu ætla að ofurauðvelt væri að nálgast myndir sem hafa verið gerðar eftir sögunum hans en

það varð þrautin þyngri að finna margar þeirra. Sumt efnið var ósýningarhæft og mikil vinna fólgin í að koma því í viðunandi horf, þegar það loksins fannst. Það þurfti að leita vítt og breitt og langt út fyrir landsteinana til að koma þessari hátíð á koppinn,“ lýsir Fríða Björk.

Fyrir utan Fríðu Björk munu þau Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ingibjörg Steinn Sværisdóttir landsbókavörður, Erlundur Sveinsson, forstöðumaður Kvikmyndasjóðs Íslands, og Margrét Sigurgeirsdóttir, safnstjóri Ríkisútvarpsins, flytja erindi á málþinginu á fimmtudag.

Fríða Björk segir Ríkisútvarpið í þeirri vandasömu stöðu að vera í framleiðsluhlutverki alla daga, ólíkt söfnum til dæmis, en hafa auk þess ríka varðveisluskyldu á sínum herðum. „Nánast allt efni sem tengist Halldóri er aðeins til í einu eintaki hjá RÚV, til dæmis á gömlum segulböndum sem eru orðin brothætt. Í hvert skipti sem þetta efni er notað rýrna gæði þess,“ segir Fríða Björk og heldur áfram. „Þegar rekstrarformi



FRÍÐA BJÖRK, „Við viljum vekja athygli á mikilvægi þess að skrá þann menningararf sem tengist Halldóri Laxness,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐID/GVA

RÚV var breytt í opinbert hlutfélag kom fram að innan stofnunarinnar væri mikill uppsafnaður vandi í sambandi við varðveislur og skráningu. Við hlökkum til að heyra í nýjum yfirmanni safnaeildar Ríkisútvarpsins, sem ætlar að tala með fulltingi þess manns sem hefur unnið að yfirfærslu á efni þess, Hreins Valdimarssonar. Við vonum að þau afhjúpi ástandið eins og það er, hvað þau eru að

glíma við og hvernig þau horfa til framtíðar.“

Bæði þjóðminjavörður og landsbókavörður ætla að fjalla um efnið frá fræðilegri hlið, að sögn Fríðu Bjarkar. „Þær Margrét og Ingibjörg Steinn ættu að geta sagt okkur hvernig við getum öll unnið saman að því að koma gömlu menningarefni í aðgengilegt form, bæði fyrir fræðimenn og almenning.“

gun@frettabladid.is

„Það þurfti að leita vítt og breitt og langt út fyrir landsteinana til að koma þessari hátíð á koppinn.“



Leitar hugurinn út í heim?

Viðskiptafulltrúar sendiráða Íslands verða með viðtals-tíma miðvikudaginn 30. og fimmtudaginn 31. janúar nk.

Fulltrúarnir verða til viðtals um markaði og markaðsaðstoð í umdæmislöndum sendiráðanna. Fundirnir verða haldnir á **Grand Hótel Reykjavík, 4. hæð.**

Viðskiptafulltrúarnir eru starfandi við sendiráð Íslands í **New York, London, Kaupmannahöfn, Nýju-Delí, Tókýó, Pekíng, Moskvu og Berlín.** Einnig verða fulltrúar frá sendiráði Íslands í **Osló og Helsinki** til viðtals.

Þeir sem vilja skrá sig í viðtal eru hvattir til að gera það sem fyrst í síma **511 4000** eða á **islandsstofa@islandsstofa.is**


Nánari upplýsingar veita:

Andri Marteinsson, **andri@islandsstofa.is** og Hermann Ottósson, **hermann@islandsstofa.is**



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

islandsstofa.is



RÓSA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR Naustahvíft.

GPS-punktar á striga

Rósa Sigrún Jónsdóttir sækir innblástur í fjöllin.

Fjallgöngur og útivist eru leiðarstefið í myndlistarsýningu Rósu Sigrúnar Jónsdóttur, sem opnuð var í Sal íslenskrar graffíkur í Hafnarhúsinu á laugardag.

Á sýningunni eru verk unnin í ýmsa miðla; málverk, teikningar, textíl og ljósmyndir sem eiga rætur sínar í áralangri útivist og fjallgöngum Rósu Sigrúnar.

Sérkennileg málverk af fjöllum á sýningunni hafa vakið mikla athygli. Þau eru máluð eftir svo-

kölluðum GPS-ferlum af göngum á viðkomandi fjöllum sem GPS-tækni sýnir í myndrænu formi. Í þessum myndum birtast því tölulegar mælingar fjallanna afkóðuð yfir í málverk og sýna því fjöll sem er gerólík fyrirmyndinni en má þó segja að séu ákveðið birtingarform viðkomandi fjalls. Salur íslenskrar graffíkur er opinn frá fimmtudegi til sunnudags milli klukkan 14 og 18 en sýningin stendur fram á sunnudaginn 3. febrúar.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

PRÍÐJUDAGUR 29. JANÚAR 2013

Félagsvist

20.00 Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

Tónlist

12.15 Gunnar Guðbjörnsson tenór syngur á hádegistónleikum íslensku óperunnar í Norðurljóssal Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

12.15 Guðný Einarsdóttir orgelleikari og Jóhanna Halldórsdóttir söngkona flytja fjölbreytta og fagra tónlist eftir meðal annars Mendelssohn og Frescobaldi. Aðgangur er ókeypis.

20.30 Trío gítarleikarans Andrésar Þórs Gunnlaugssonar kemur fram á jazzkvöldi KEX Hostels. Með honum spila Þórgímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Aðgangur er ókeypis.


Fyrirlestrar

12.00 Pétur Yang Li heldur fyrirlestur um aukin viðskiptatækifæri í Kína. Fyrirlesturinn er á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljóss, Íslandsstofu og viðskiptafræðideildar HÍ og verður haldinn í stofu 101 á Háskólatorgi. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

12.05 Guðni Th. Jóhannesson, nýráðinn lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlesturinn Hvað ef? Íslands-sagan sem gæti hafa gerst. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands og er hluti af hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.


Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Úrval ljósa á betra verði



ÚTSÖLULOK!

10-70% afsláttur



Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Argo og Lincoln sigurvegarar

Verðlaunahátíðin Screen Actors Guild Awards fór fram í Los Angeles á sunnudagskvöldið. Þessi tími árs er mikill uppskerutími í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum vestanhafs og stjörnurnar orðnar þaulvanar rauða dreglinum. Leikkonan Jennifer Lawrence stal senunni á hátíðinni því auk þess að vera valin leikkona ársins lenti hún í því að kjóllinn hennar rifnaði í tvennt þegar hún tók á móti verðlauninum.



SOFIA VERGARA Í DONNA KARAN



KERRY WASHINGTON Í RODARTE.

MARION COTILLARD Í DIOR COUTURE.

ANNE HATHAWAY Í GIAMBATTISTA VALLI.

DANIEL DAY-LEWIS.

Vinningshafar

KVIKMYNDIR:

Leikari: Daniel Day-Lewis – Lincoln
Leikkona: Jennifer Lawrence – Silver Linings Playbook
Leikari í aukahlutverki: Tommy Lee Jones – Lincoln
Leikkona í aukahlutverki: Anne Hathaway – Les Miserables
Leikarahópur: Argo
Áhættuleikarar: Skyfall

SJÓNVARP

Leikari í dramapáttum: Bryan Cranston – Breaking Bad
Leikkona í dramapáttum: Claire Danes – Homeland
Leikari í gamanþáttum: Alec Baldwin – 30 Rock
Leikkona í gamanþáttum: Tina Fey – 30 Rock
Leikarahópur í dramaþáttum: Downton Abbey
Leikarahópur í gamanþáttum: Modern Family

SMÁRABÍÓ 12

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Vesalingarnir

8 ÓSKARSTILNEFNINGAR — BESTA KVIKMYNDIN

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

LIFE OF PI 3D 10

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

11 ÓSKARSTILNEFNINGAR

THE HOBBIT 3D 12

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 3.30 L

HÁSKÓLABÍÓ 16

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

DJANGO

2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

RYÐ OG BEIN L

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

THE HOBBIT 3D KL. 6

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
VESALINGARNIR	KL. 4.30 - 8	12	VESALINGARNIR	KL. 5.50 - 9	12
VESALINGARNIR LÚXUS	KL. 4.30 - 8	12	DJANGO	KL. 9	16
DJANGO	KL. 4.30 - 8	16	LIFE OF PI 3D	KL. 6 - 10.20	10
LIFE OF PI 3D	KL. 5.15 - 8	10	ÁST	KL. 5.40 - 8 - 10.10	L
THE HOBBIT 3D	KL. 4.30 - 8	12	RYÐ OG BEIN	KL. 5.50 - 8	L
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 3.30	L	BORGARBIÓ	PRÍÐJUDAGSTILBOÐIN	NÁNAR Á MIÐLIS
			VESALINGARNIR	KL. 6 - 9	12
			DJANGO	KL. 9	16
			THE HOBBIT 3D	KL. 6	12

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

LAUGARÁS BÍÓ 5%

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR! 12

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

Vesalingarnir 8 ÓSKARSTILNEFNINGAR

DJANGO UNCHAINED 5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

THE HOBBIT 3D 12

THE HOBBIT 3D (48 Ramma) 6

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
VESALINGARNIR	6, 9, 20
DJANGO UNCHAINED	6, 9, 20
THE HOBBIT 3D	9, 20
THE HOBBIT 3D (48 Ramma)	6

SAMBÍÓINN SAMbio.is

TILBOÐ

GANGSTER SQUAD 16

DJANGO 16

THE IMPOSSIBLE 12

JACK REACHER 12

ARGO 16

CHASING MAVERICKS 7

ÁLFABAKKA

GANGSTER SQUAD	KL. 6 - 8 - 10:30	16	GANGSTER SQUAD	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
GANGSTER SQUAD VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16	MONSTERS INC	KL. 5:50	16
MONSTERS INC	KL. 5:50	16	DJANGO UNCHAINED	KL. 8 - 10:30	16
XL	KL. 10:30	16	JACK REACHER	KL. 8 - 10:40	12
CHASING MAVERICKS	KL. 8	7	THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8	12
JACK REACHER	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12	ARGO	KL. 5:30	16
HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY	KL. 8:30	12	THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16	THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
SAMMY 2	KL. 5:50	16			

KEFLAVÍK

GANGSTER SQUAD	KL. 8 - 10:20	16	GANGSTER SQUAD	KL. 8	16
XL	KL. 8	16	MONSTERS INC	KL. 6	16
CHASING MAVERICKS	KL. 10:10	7	XL	KL. 10:20	16
MONSTERS INC	KL. 6	16	CHASING MAVERICKS	KL. 6	7
SAMMY 2	KL. 6	16	JACK REACHER	KL. 10:20	12
			THE IMPOSSIBLE	KL. 8	12

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

LYFJA – Lífið heil

nicorette fruitmint

+20% afsláttur af Nicorette QuickMist munnholsúða **+15%** afsláttur af öllu Nicorette fruitmint

Gildir út janúar.

www.lyfja.is

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

FJALLA-EYVINDUR Endurgerð útgáfa

Ný tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson
 Ný textaþýðing eftir Jón Viðar Jónsson

Uptaka með Kammersveit Hafnarfjarðar undir stjórn Guðna Franzsonar

Hin sigilda sænska þögulmynd *Fjalla-Eyvindur* og kona hans frá árinu 1918 er byggð á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar, *Fjalla-Eyvindi*. Hin stóru stef mannlífsins líf og dauði, ást og fórn, vinátta og afbrýði og að lokum hatrið eru til umfjöllunar í þessari áttakamiklu ástarsögu þeirra Eyvindar og Höllu.

Príðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
 www.kvikmyndasafn.is

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

PRÍÐJUDAGUR: HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ CHICKEN WITH PLUMS (14) 20:10 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (16) 17:50 ■ BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 18:00, 20:00, 22:00

ÓSKARSDAGAR:

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD
 ROYAL AFFAIR
 SEARCHING FOR SUGAR MAN

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



BJÖRGVIN MATTI MATT FRIDRIK ÓMAR

& Rokkabíllýbandið

SPOT KÓPAVOGI LAUGARDAGINN 2. FEBRÚAR

Lestadú síðuna facebook.com/PromoIceland
og þú gætir unnid mikið! Vid drögum út á Bylgjunni
í þættinum hjá Sigrá Hló á laugardaginn



SPOT

PROMO

Miðaverð í forsolu 2.200 á Mid.is og 2.900 í hurð. Nánar á promo.is

VÍKING
Létill



FAGNAD Spurning hvort Tevez fagni í kvöld?
NORDICPHOTOS/GETTY

City getur sett pressu á Utd

FÓTBOLTI Fjórir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í kvöld og eru meistara Man. City meðal annars á ferðinni.

City getur saxað forskot Man. Utd á toppnum niður í tvö stig með sigri í kvöld. Myndi það setja talsverða pressu á nágrannaliðið sem á leik gegn Southampton á morgun.

- hbg

LEIKIR KVÖLDSINS
STOKE CITY - WIGAN
SUNDERLAND - SWANSEA
QPR - MAN. CITY
ASTON VILLA - NEWCASTLE

Á leið til Hollands

Aron búinn að standast læknisskoðun hjá Alkmaar.

FÓTBOLTI Framherjinn Aron Jóhannsson er á leið til hollenska úrvalsdeildarliðsins AZ og mun skrifa undir samning við félagið í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hann stóðst læknisskoðun hjá félaginu í gær og verður formlega orðinn leikmaður í dag. Hjá félaginu hittir hann fyrir Jóhann Berg Guðmundsson.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum er kaupverð Arons 280 milljónir króna. Uppeldisfélag hans, Fjölnir, mun fá um 42 milljónir króna í sinn hlut vegna sölunnar. Samkvæmt danska blaðinu Ekstra Bladet greiddi AGF rúmar 2 milljónir króna fyrir Aron á

sínum tíma og er óhætt að segja að sú fjárfesting hafi borgað sig hjá danska félaginu.

Aron hefur slegið í gegn hjá danska félaginu AGF, þar sem hann er enn markahæstur í dönsku úrvalsdeildinni með 14 mörk.

Íslendingar hafa lengi verið í uppáhaldi hjá AZ, en með liðinu hafa einnig leikið Aron Einar Gunnarsson, Kolbeinn Sigþórsson og Grétar Rafn Steinsson.

AZ er í níunda sæti hollensku úrvalsdeildarinnar.

- hbg

NÝTT TÆKIFÆRI
Aron færir sig í sterkari deild.



HRESS Skúli og félagar fengu að reyna ýmislegt; svig, gönguskíði og svo skíðaskotfimi.
MYND/ADSENDE

Byrjuðu á því að fara á skíði

Sænska félagið Elfsborg fór óhefðbundnar leiðir í undirbúningi sínum fyrir komandi tímabil. Byrjað var á að fara í fjögurra daga skíðaferð með liðið.

FÓTBOLTI Hinn 24 ára gamli KR-ingur Skúli Jón Friðgeirsson er á mála hjá sænska félaginu Elfsborg sem er núverandi sænskur meistari. Liðið ætlar sér stóra hluti á komandi tímabili, bæði heima fyrir og í Meistaradeildinni.

Tímabilið hefst eftir rúma tvo mánuði og þjálfarinn, Jörgen Lennartsson, fór mjög óhefðbundna leið er hann byrjaði undirbúningstímabilið með liðinu. Hann fór með það allt saman á skíði.

„Við fórum í tíu tíma ferðalag norður á skíðasvæði. Þar vorum við á skíðum í fjóra daga,“ segir Skúli Jón og hlær við er hann rifjar upp þessa sérstöku byrjun á undirbúningstímabilinu.

„Það var lítill frjáls tími enda vorum við í ýmsum leikjum. Keppni á gönguskíðum, ratleikur uppi í fjalli. Það var líka keppt í svigi. Ég vann ekki en var þokkalega öflugur. Ég var hvorki fyrstur né síðastur. Þetta var örúvísí, ég verð að viðurkenna það.“

Kom leikmönnum á óvart

Skúli Jón segir að það sé ekki hefð fyrir því að byrja undirbúningstímabil hjá félaginu á þennan hátt. „Ég veit ekki hvað þetta var. Þjálfaranum finnst gaman á skíðum og kannski var þetta afsökun fyrir hann að komast á skíði,“ segir Skúli léttur.

„Þessi ferð var náttúrulega hópefli fyrir liðið. Hrista hópinn saman. Við bjuggum saman í einhverjum kofum og svo var stanslaust verið að skipta upp í lið í alls konar keppnum. Að því leyttinu til var þetta góð byrjun á undirbúningstímabilinu. Margir



SKÍÐASKOTFIMI Skúli sagðist hafa verið betri með byssuna en á gönguskíðunum.

leikmenn ráku samt upp stór augu er þeir sáu þetta á dagskránni. Ruku í þjálfarann og sögðust vera slæmir í hjánám og svona. Hann sagði þeim bara að hætta þessu væli,“ segir Skúli hlajandi og bætir við að allir leikmenn hafi sloppið heilir heim úr ferðinni.

„Við slepptum líka skíðastökki. Það hefur klárlega hjálpað. Við áttum svo frítíma á kvöldin og menn gátu lyft sér aðeins upp ef þeir vildu gera það á kvöldin. Þetta var hópefli og allir voru hæstánægðir með þessa ferð.“

Elfsborg ætlar sér stóra hluti á komandi tímabili en liðið tekur meðal annars þátt í Meistaradeildinni í ár.

„Það er aðeins pressa á liðinu. Stefnan er að sjálfsgöðu að verja titilinn og svo er mikill metnaður fyrir Meistaradeildinni. Það er stefna félagsins að komast inn í riðlakeppnina. Það er langt síðan sænskt félag hefur komist þangað inn. Félagið er með þessi tvö markmið fyrir tímabilið,“ segir Skúli en litlar breytingar eru á liðinu milli ára.

henry@frettabladid.is

Geir áfram formaður

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson fékk ekkert mótfarboð í embætti formanns KSÍ fyrir ársþing sambandsins um næstu helgi. Framboðsfrestur rann út um helgina og er því ljóst að Geir verður áfram formaður KSÍ. Formaður er kosinn til tveggja ára í senn.

Einnig er kosið í aðalstjórn til tveggja ára í senn. Kjörtímabili fjögurra stjórnarmeðlima lýkur um helgina og eru þeir allir í framboði nú. Engir aðrir eru í framboði og ljóst að þeir munu því sitja áfram í aðalstjórn KSÍ.

- esá

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausán hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 05. feb.

ÞETTA ER EKKI FLÓKID! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik.
Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is

heilsuhúsið www.heilsuhusid.is

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik

25% afsláttur

AF SKÍÐAPÖKKUM

HLAUPABÖND OG LYFTINGABEKKIR með 10-20% afslætti. PREKTÆKI í miklu úrvali fyrir byrjendur sem lengra komna.

MARKID

www.markid.is / Sími 517 4600 / Ármúla 40

Frábært úrval notaðra bíla Komdu. Gerðu betri bílakaup.

notadir.brimborg.is

Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg.

Tökum allar tegundir bíla uppí.



Tilboðsverð: 1.290.000 kr.

Opel Corsa Enjoy (YUE67)
1,2i 80 hö bensín beinskiptur
Skrd. 8/2007. Ek. 93.000 km.
Verð: 1.390.000 kr.
Afsláttur: 100.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 1.790.000 kr.

Ford Focus Trend (GIT33)
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 9/2008. Ek. 70.000 km.
Verð: 1.790.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 3.490.000 kr.

Ford Focus Titanium (GPF95)
2,0TDCi 115 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 4/2012. Ek. 29.000 km.
Verð: 3.750.000 kr.
Afsláttur: 260.000 kr.



Tilboðsverð: 2.190.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 (FTU17)
4,0i 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 92.000 km.
Verð: 2.690.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 1.290.000 kr.

Citroën C5 SX (LL625)
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.580.000 kr.
Afsláttur: 290.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 1.450.000 kr.

Mazda 6 Touring (MN124)
2,0i 147 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 113.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 2.990.000 kr.

Nissan Patrol Luxury 4x4 (ZL639)
3,0TDCi 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 126.000 km.
Verð: 3.790.000 kr.
Afsláttur: 800.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 3.590.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD (VKL18)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2010. Ek. 73.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 6.090.000 kr.

Volvo V60 R-Design (UHG78)
2,0 D3 163 hö dísil beinskiptur
Skrd. 9/2011. Ek. 18.000 km.
Verð: 6.090.000 kr.



Tilboðsverð: 2.650.000 kr.

Subaru Legacy Sport AWD (OAG86)
2,0i 149 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2008. Ek. 45.000 km.
Verð: 2.950.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboðsverð: 1.790.000 kr.

Mitsubishi Pajero GLS 4x4 (ZM285)
3,5i 202 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2004. Ek. 158.000 km.
Verð: 2.390.000 kr.
Afsláttur: 600.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 3.690.000 kr.

Mazda5 Advance 7 sæta (BFB97)
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 18.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á
laugardögum í Brimborg, Bildshöfða 6 og 8 í Reykjavík og
Tryggvabraut 5 á Akureyri.



Öruggur staður til að vera á

Nýtt!

Smakkaðu nýtt Lífskorn, brauðið í græna pokanum. Það inniheldur sólblómafræ og hörfræ. Leyfðu öðrum að smakka líka.



Kynntu þér gæði og hollustu Lífskorns frá Myllunni á myllan.is

Prófaðu nýtt Lífskorn frá Myllunni

Smakkaðu Lífskornið í græna pokanum í dag

Báðar tegundir Lífskorns eru trefjarík heilkornabrauð og innihalda hýði, mjölva og kím kornsins sem eru rík af andoxunar- og jurtaefnum og líkamanum því heilnæm. Kaupu Lífskorn í dag. Mundu að umbúðirnar á nýja brauðinu eru grænar.

Báðar tegundirnar af Lífskorni uppfylla skilyrði Skráargatsins fyrir hollustu vörur í sínum flokki. Lífskornið inniheldur prótein, flókin kolvetni og heilnæm plöntuefni. Gerðu eitt-hvað nýtt í dag. Smakkaðu nýja Lífskornið.

Taktu þátt í umræðunni á [facebook.com/Myllubraud](https://www.facebook.com/Myllubraud)



Lífskorn
Sólblómafræ & hörfræ

Lífskorn
Heil hveitikorn & rúgur



Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.

Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinargóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - láttu þér líka við okkur!

www.myllan.is



BÓKIN



„Ég er að lesa *The Princess Bride*, sem myndin var gerð eftir. Hún er einstaklega skemmtileg og ég myndi segja að hún væri betri en myndin.“

Einar Leif Nielsen rithöfundur.

Seldi vínyl til að fjármagna plötuna

Tónlistarmaðurinn Þórir Georg seldi hluta af vínylsafninu sínu til að fjármagna gerð nýjustu plötu sinnar.

Tónlistarmaðurinn Þórir Georg seldi hluta af vínylsafninu sínu til þess að fjármagna nýjustu plötu sína, *I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright*, sem kom út fyrir jól.

Aðspurður segir Þórir að vínylplöturnar hafi verið á milli 50 til 100 talsins og hann hafi selt þær áður en hann gerði útgáfusamning við Kimi Records, því til stóð að hann gæfi hana út sjálfur og til þess vantaði hann peninga. „Kimi talaði við mig þegar platan var tilbúin og ég var við það að gefa út. Þá voru þeir búnir að heyrna hana og höfðu samband,“ segir Þórir.

Hann á enn sex til sjö hundruð vínyl-

plötur eftir í safninu sínu og segist því ekki hafa selt sínar helstu gersemar. „Þetta voru þrjú hundruð allt í allt sem ég tók til hliðar og bauð til sölu. Þetta voru góðar plötur en engir safngripir, þannig.“

Mælirðu með þessu fyrir aðra sem ætla að gefa út plötur? „Já, já, alveg eins og hvað annað. Menn verða að finna leiðir.“

Þórir hefur verið duglegur að spila erlendis í gegnum árin. Í nóvember fór hann í tveggja vikna ferð um Þýskaland sem gekk vel. Næsta haust fer hann svo aftur til Þýskalands en einnig til Frakklands, Sviss og Austurríkis.



SELDI VÍNÝLINN Þórir seldi hluta af vínylsafninu sínu til að fjármagna nýja plötu. MYND/VALLI

Hlakkar til að funda með Jóni Gnarr

Hin bandaríska Bettina Enriquez vann í leik Jóns Gnarr á Facebook og fær hádegisfund með borgarstjóranum að launum. Hún kemur til landsins í mars.

„Ég bjóst aldrei við að ég myndi vinna. Mig langaði bara að segja mína skoðun,“ segir Bettina Enriquez.

Bettina er 28 ára gömul og býr í New York. Hún fæddist í Filippseyjum og á ættir sínar þangað að rekja, en fluttist þó með fjölskyldunni til Ameríku þegar hún var tveggja ára gömul. Hún er með háskólapróf í stjórnmálafræði og vinnur nú hjá Sameinuðu þjóðunum. Bettina er mikill aðdáandi borgarstjóra Reykjavíkur, Jóns Gnarr, og fylgist með honum á samskiptasíðunni Facebook. Á dögnum sló hann upp leik þar og spurði fólk hvort það væri í lagi að gera grín að öllu. Í verðlaun lofaði hann þeim sem kæmi með „bestasta“ og réttasta svarið fundi með sér að launum. Bettina svaraði á réttastan hátt að mati Jóns, en alls skildu 966 eftir ummæli við spurninguna. Í innleggi sínu sagði Bettina meðal annars frá krabbameinssjúkum frænda sínum og deildi skoðun sinni um að lífið væri of skemmtilegt til að taka það alvarlega. „Ég reyni að lifa eftir því. Lífið er svo fullt af tækifærum og maður verður að grípa þau og nýta vel,“ segir hún.

Bettina kemur til landsins ásamt bestu vinkonu sinni nú í mars, en ferðina höfðu þær bókað fyrir nokkru. „Mig hefur alltaf langað að koma til Íslands og var alveg nógu spennu fyrir, en að fá að hitta Jón Gnarr í ofanálág er ótrúlegt,“ segir Bettina sem heyrði fyrst af borgarstjóranum þegar vinur hennar deildi frétt á Facebook þess efnis að Jón Gnarr væri svalasti borgarstjóri í heimi. „Eftir að hafa lesið fréttina varð ég mjög forvitin um þennan mann og fór að kynna mér hann betur. Hann er einn mest uppörvandi stjórnmála maður sem ég hef vitað um,“ segir hún. „Það er ótrúlega hvetjandi að heyra af stjórnmálamannti sem þorir að fara sínar eigin leiðir og hagar sér eins og manneskja en ekki einhver vél.“

Sigurinn í leiknum hefur skilad henni mörgum hamingjuóskum í einkaskilaboðum. „Fjöldi Íslendinga hefur sent mér póst og óskað



LANGAR AÐ HEYRA UM HANN Bettina segist ekki hafa áhyggjur af því að þau Jón Gnarr verði uppiskroppa með umræðuefni þegar þau hittast.

Yfir 60.000 aðdáendur á Facebook

Á samskiptasíðunni Facebook virðist vera að Jón Gnarr haldi sjálfur úti tveimur síðum. Annars vegar er það síðan Jón Gnarr, sem 62.971 hefur líkað við, og er á ensku. Á þeirri síðu blés Jón til leiksins sem Bettina vann. Svo er það síðan Dagbók borgarstjóra sem er með 33.056 aðdáendur, en hún er á íslensku. Á báðum síðum er borgarstjórinn duglegur að deila hugsunum sínum og skoðunum og mikil viðbrögð frá þeim sem skoða síðuna. Fyrir utan þessar tvær síður má svo finna fjöldann allan af síðum tileinkuðum Jóni og er allur gangur á hvort þeir sem halda síðunum úti eru aðdáendur Jóns eður ei.

mér til hamingju. Mér þykir ótrúlega vænt um það og það er greinilegt að Íslendingar eru upp til hópa hlýtt fólk. Ég hef í það minnsta bara góða reynslu af þeim enn sem komið er,“ segir hún.

Jón Gnarr hyggst bjóða Bettinu á hádegisverðarfund. Hún segist ekki hafa áhyggjur af því að þau verði uppiskroppa með umræðuefni. „Mér finnst hann svo heillandi ein-

“Hann er einn mest uppörvandi stjórnmála maður sem ég hef vitað um.”

Bettina Enriquez

staklingur að mig langar að heyra sem mest um þann mann sem hann hefur að geyma.“ tinnaros@frettabladid.is

Iceland Business Forum kynnis:

Heilds dags námskeið með föður nútíma markaðsfræði

Philip Kotler

Marketing 3.0

Values Driven Marketing

Arðsemi Ávöxtun Sjálfbærni

Markaðssetning fyrir stærri og smærri fyrirtæki

Tilboð í forsölu 69.900.-

Fullt verð 99.900.-

Gildir til og með 31. janúar 2013

Takmarkað magn miða í boði

Nánari upplýsingar og forsala er á miði.is og ibf.is

Í Háskólabíói – 24. apríl 2013

EXPO - www.expo.is

Philip Kotler er í boði:

ICELANDAIR

Síminn

PÓSTURINN

Spila með Kanadamönnum

Prins Póló, Benni Hemm Hemm og fjórir kanadískir tónlistarmenn spila saman á tónleikunum Sonic Waves á Faktory í kvöld. Kanadamennirnir komu hingað til lands gagngert til að semja og flytja ný lög með Prins og Benna. Þeir heita Mark Andrew (Woodpigeon), Laura Leif, Samantha Savage og Clinton St. John. Woodpigeon er Íslendingur að góðu kunnur eftir nokkrar heimsóknir til landsins.

Hópurinn fer til Calgary í Kanada á morgun og flytur sömu lög þar á tónleikum. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 22.



PRINS PÓLÓ Prins Póló og Benni Hemm Hemm spila í kvöld.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með Domino's appinu og á vefnum okkar, dominos.is. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM



PEPPERONI VEISLA: Tvöfaldur skammtur af pepperoni og aukaostur



FRÉTTIR AF FÓLKI

Atli í efsta sætinu

Hasarmyndin Hansel & Gretel: Witch Hunters, sem er lauslega byggð á ævintýrinu um Hans og Grétu, er tekjuhæsta myndin í Norður-Ameríku um þessar mundir. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema að íslenska Hollywood-tónskáldið **Atli Örvarsson** samdi tónlistina í myndinni. Hansel & Gretel er fyrsta myndin sem Atli hefur samið tónlistina við sem kemst í efsta sæti aðsóknarlistans vestanhafs og getur hann því vel við unað. Næsta stóra verkefni hans er spennumyndin A Single Shot sem verður frumsýnd síðar á þessu ári. Með aðalhlutverkin fara Sam Rockwell, William H. Macy og Melissa Leo.



Allir á nýja Myspace

Svo virðist sem helstu tónlistarmenn landsins og aðrir tæknisinn- aðrir Íslendingar taki andlitslyftingu samfélagsmiðilsins Myspace nokkuð vel. Hið nýja Myspace var sett í loftið í byrjun þessa árs með afar öflugum bakhjarli, Justin Timberlake. Á síðunni er tónlistarfólki gefinn góður kostur á að setja upp verk sín, ekki ósvipað Gogoyoko, og geta notendur fylgt þeim eftir. Meðal þeirra Íslendinga sem hafa skráð sig á síðuna eru tónlistarmennirnir Jón Jónsson, Jónas Sigurðsson og **Gauti Peyr Másson**, sjónvarpskonan **Margrét Erla Maack** og hljómsveitirnar Of Monsters and Men, Dimma, Ghostigital og Buff. - fb, sv



Mest lesið

- 1 Segja að hungraðir éti börn í Norður-Kóreu
- 2 Harmleikur á Kópaskeri: Varð úti eftir þorablót
- 3 Sigur Íslands í brennidepli úti um allan heim
- 4 Icesave-dómur gæti orðið þungur skellur fyrir ríkissjóð



Fiskislóð 39

Opið alla virka daga

kl. **10-18**

og laugardaga kl. 11-15



FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Útsala

20-70% afsláttur

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

25%

afsláttur af Wallhugger stillanlegum rúmum Ath. takmarkað magn

40%

afsláttur af teppasettum frá Portúgal

Allt að

50%

afsláttur af mjúkvöru, lökum, hlífðardýnum, sængurverasettum, sloppum, handklæðum og lömpum

70%

afsláttur af öllum þifum

20%

afsláttur af svefnsófum Toronto-Milano Napoli




Úrval af svefnsófum

25%

afsláttur ÞÓR heilsudýna 100x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr.

89.925



25%

afsláttur FREYJA heilsudýna 100x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr.

86.175



VALHÖLL heilsudýna 80x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr.

54.900



BOAS

leðuhægindastólar og sófar Verð frá kr.

79.900.-

ÓTRÚLEGT VERÐ

VALHÖLL Heilsudýnur með botni og fótum	Stærð	Verð áður	Verð nú
	80x200	69.900	54.900
	90x200	74.900	59.900
	120x200	84.900	69.900
	140x200	94.900	74.900
	153x203	99.900	79.900

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl. **MINE BOSS** home **MENDALE** Olivier - McGregor - VanDykc

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is